



**HÁSKÓLI ÍSLANDS**

# **Félagsráðgjafardeild**

**BA-ritgerð**

**Sáttamiðlun: Félagsráðgjafinn sem sáttamiðlari**

**Oliver Bjarki Ingvarsson**

**Júní 2010**

Umsjónarmaður: Halldór Sig. Guðmundsson

Leiðbeinandi: Íris Eik Ólafsdóttir

Nemandi: Oliver Bjarki Ingvarsson

Kennitala: 310784-2309

## Útdráttur

Síðastliðin ár hefur úrræði er kallast sáttamiðlun rutt sér leið í refsivörslukerfinu víða í hinum vestræna heimi. Sáttamiðlun byggir á hugmyndafræði uppbyggilegrar réttvísi sem fyrst kom fram á sjónarsviðið í nútímalegri mynd á áttunda áratug síðustu aldar. Þrátt fyrir góðan árangur og talsverðar vinsældir hjá nágrannaþjóðum okkar þá náði úrræðið ekki að ryðja sér til rúms hér á landi fyrr en snemma á þessari öld. Ritgerð þessi fjallar um almenna notkun sáttamiðlunar sem úrræðis í málum afbrotamanna ásamt notkun þess til að leysa úr ágreiningsmálum. Varpað er ljósi á sáttamiðlun á Íslandi, Norðurlöndunum, í Bandaríkjunum og Kanada, framkvæmd þessara landa og sögu sáttamiðlunar í löndunum. Starf sáttamiðlarans fær ítarlega umfjöllun með sérstakri áherslu á félagsráðgjafa í starfi sáttamiðlara en rannsóknir hafa sýnt fram á að þátttakendur sáttamiðlunar vilja virðingarfulla, þolinmóða og skilningsríka sáttamiðlara. Þetta gefur á margan hátt til kynna að félagsráðgjafar séu vel til þess fallnir að starfa sem sáttamiðlarar. Sáttamiðlun í málum ungra gerenda afbrota virðist gefa góða raun, gerendurnir iðrast og bera frekar ábyrgð á gjörðum sínum með þessum hætti sem sést vel á þeim tilraunaverkefnum sem hafa verið hér á landi og þeim skýrslum sem gefnar hafa verið út.

## Efnisyfirlit

<b>Útdráttur</b> .....	<b>3</b>
<b>Inngangur</b> .....	<b>5</b>
<b>1. Sáttamiðlun</b> .....	<b>6</b>
1.1 Almennt .....	6
1.2 Uppbyggileg réttvísi .....	6
1.3 Sáttamiðlun.....	7
1.4 Framkvæmd sáttamiðlunar .....	8
1.5 Kostir og gallar sáttamiðlunar .....	10
<b>2. Sáttamiðlun á Íslandi</b> .....	<b>11</b>
2.1 Almennt .....	11
2.2 Þróun og saga sáttamiðlunar á Íslandi .....	11
2.3 Tilraunaverkefnið Hringurinn .....	14
2.4 Tilraunaverkefni dómsmálaráðuneytisins .....	16
2.5 Staða mála á Íslandi í dag .....	19
<b>3. Sáttamiðlun erlendis</b> .....	<b>20</b>
3.1 Almennt .....	20
3.2 Sáttamiðlun í Noregi .....	20
3.3 Sáttamiðlun í Danmörku.....	22
3.4 Sáttamiðlun í Finnlandi.....	23
3.5 Sáttamiðlun í Svíþjóð .....	24
3.6 Sáttamiðlun í Bandaríkjunum og Kanada .....	25
3.6.1 Bandaríkin og South Saint Paul .....	25
3.6.2 Kanada.....	29
<b>4. Starf sáttamiðlarans</b> .....	<b>33</b>
4.1 Almennt .....	33
4.2 Hverjir eru sáttamiðlarar? .....	33
4.3 Menntun og tilgangur sáttamiðlara .....	35
4.4 Félagsráðgjafinn sem sáttamiðlari.....	37
<b>5. Umræða og lokaorð</b> .....	<b>40</b>
<b>Heimildaskrá</b> .....	<b>43</b>

## Inngangur

Sáttamiðlun er aldagömul aðferð í ágreiningsmálum sem meðal annars frumbyggjar á Nýja Sjálandi notuðust mikið við. Margt hefur breyst frá tímum frumbyggjanna en nokkrir hlutir munu þó líklegast aldrei hverfa úr samfélagi okkar, til dæmis ágreiningar, afbrot og glæpir.

Sáttamiðlun byggir á hugmyndafræði uppbyggilegrar réttvísi þar sem leitast er við að ná sáttum milli brotamanns og brotþola í kjölfar afbrots. Það sem gerir þetta úrræði svo sérstakt er að enginn dómari né dómstóll eru sýnilegir og er það því algjörlega í höndum þeirra aðila sem tengjast málinu að leysa það og ná sáttum. Hin hefðbundna leið réttarkerfisins hefur af sumum verið talin einblína um of á að refsast einstaklingnum í stað þess að leitast við að láta hann bera ábyrgð á gjörðum sínum, á þann hátt er líklegra að hann skilji betur afleiðingar gjörða sinna fyrir þolandann og endurtaki því ekki gjörðir sínar. Farið verður ítarlega yfir á hverju sáttamiðlun byggir, framkvæmd hennar og kosti og galla úrræðisins. Úrræðið hefur á síðari árum skotið rótum á Íslandi þar sem tvö tilraunaverkefni hafa verið sett á laggirnar. Annars vegar tilraunaverkefnið Hringurinn og hins vegar tilraunaverkefni dómsmálaráðuneytisins en bæði verkefni gáfu góða raun. Verður báðum þessum verkefnum ásamt sögu sáttamiðlunar á Íslandi gerð skil síðar. Sáttamiðlun hefur þó verið mun meira notuð erlendis og verður fjallað um sögu og framkvæmd Norðurlandanna, Bandaríkjanna og Kanada innan sáttamiðlunar en Kanada hefur af mörgum verið kallað föðurland sáttamiðlunar.

Sérkaflí hefur verið vígður hlutverki sáttamiðlarans en til dæmis í Finnlandi, Bandaríkjunum og að hluta til í Noregi hefur starfstétt félagsráðgjafa starfað sem sáttamiðlarar. Spurning vaknar því hvort félagsráðgjafar séu ekki vel til þess fallnir að sjá um sáttamiðlun í saka- og ágreiningsmálum? Ennfremur er eðlilegt að spyrja sig hvort sáttamiðlun sé rétta leiðin að fara, sérstaklega í málum ungra afbrotamanna, í kjölfar afbrota og glæpa?

# 1. Sáttamiðlun

## 1.1 Almennt

Á síðustu árum hefur úrræði sem kallast sáttamiðlun verið að ryðja sér braut hér á landi. Sáttamiðlun er lausnamiðuð sátttaumleitun í málum þar sem einstaklingar eða fleiri aðilar hafa átt eða eiga í ágreiningi. Sáttamiðlun er hluti af hugmyndafræði uppbyggilegrar réttvísi (*e. Restorative Justice*) sem í stuttu máli gengur út á að gerandi brots og þolandi þess eru leiddir saman í von um að ná sáttum.

## 1.2 Uppbyggileg réttvísi

Hugmyndafræði uppbyggilegrar réttvísi byggir í fyrsta lagi á því sjónarmiði að afbrot séu brot gegn einstaklingi eða samfélaginu í heild sinni frekar en gegn ríkinu. Hugmyndafræðin fjallar um nýjar aðferðir í baráttunni við glæpi og afleiðingar þeirra með því að ná sáttum í kjölfar brots aðallega með brotamanninum og þolanda brotsins (Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 2004). Þetta gerir það að verkum að uppbyggileg réttvísi beinir sjónum sínum að brotapolanum og hvernig sé hægt að mæta þörfum hans, í öðru lagi er litið svo á að tjón sé ekki einungis einstaklingsbundið heldur bitnar það á samfélaginu í heild sinni. Taka verður mið af því í þriðja lagi hvort afbrotið hafi haft í för með sér eitthvað tjón fyrir gerandann sjálfan. Eins og sjá má þá leika þeir einstaklingar sem verða fyrir tjóninu, í samspili við samfélagið sjálft, stórt hlutverk í öllu ferlinu (Mika og Zehr, 2003). Kjarninn í hugmyndafræði uppbyggilegrar réttvísi er því að leiðrétta þann skaða sem orðið hefur og byggir því að miklu leyti á virðingu, það er að uppbyggileg réttvísi sé þess valdandi að hinn brotlegi sjái þann skaða sem brotapolinn hefur þurft að takast á við og endurtaki ekki gjörðir sínar af virðingu við viðkomandi. Þar að auki er mikil áhersla lögð á að bæta þann skaða sem refsiverð háttsemi hefur í för með sér, af þeim sökum er leitast við að ná sáttum milli geranda og þolanda (Siegel, 2006).

Talsmenn uppbyggilegrar réttvísi höfðu lengi gagnrýnt hina hefðbundnu dómstólaleið á Vesturlöndunum þar sem áherslan er að refsa brotamanninum án þess að hugsa um viðhorf og þarfir brotapolans. Uppúr sjöunda áratug síðustu aldar var því byrjað að tala um aðra möguleika til að leysa úr deilumálum. Gagnrýnin á hið kuldalega yfirbragð dómstólanna sem þeir töldu ekki gera ráð fyrir mannlegum einstaklingsbundnum tilfinningum hafði þá

tekið yfirhöndina. Vildu talsmenn uppbyggilegrar réttvísi meina að hægt væri að fara aðrar leiðir til að leysa úr deilumálum í stað þess að notast við dómstólana sem einnig voru orðnir yfirhlaðnir af verkefnum. Þar að auki var dómstólaleiðin seinfarin og dýr. Sú leið sem uppbyggileg réttvísi vildi notast við kallast á íslensku sáttamiðlun (*e. Mediation, n. Megling, d. Mægling*) og byggir á sérstökum samskiptum aðilanna á milli þar sem má segja að brotamaðurinn komi fram sem gerandi (*e. Offender, n. Gjerningsmann, d. Gerningsmand*) en ekki sem sakborningur (*e. Suspect, n. Anklaget, d. Anklaged*) líkt og innan hinnar hefðbundnu dómsleið (Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 2004). Sáttamiðlun er sú aðferð sem notuð er til að ná fram þeim markmiðum sem hugmyndafræði uppbyggilegrar réttvísi leggur upp með en einmitt enska orðið fyrir sáttamiðlun, „mediation“, er dregið af latneska orðinu „medium“ sem merkir „sem er í miðjunni“ (Vindeløv, 2004).

### 1.3 Sáttamiðlun

Hina upprunalegu mynd sáttamiðlunar má rekja til trúarbragða og mismunandi menningarheima, til að mynda komu áhrifamiklar hefðir af beitingu sáttamiðlunar frá bæði kristinfræðinni og hindúismanum. Á dögum forfeðra okkar tíðkaðist að allt nærsamfélagið tók þátt í að koma á sátt í ágreiningi brotamanns og brotþola. Sumir menningaheimar halda enn í þessar gömlu hefðir en þar má nefna sem dæmi bæði Grænland og Kína (Vindeløv, 2004). Tíminn hefur þó leitt í ljós ákveðna þróun og má rekja nútíma sáttamiðlun aftur til hugmynda sem fram komu í Bandaríkjunum og Kanada í lok sjöunda áratug síðustu aldar. Þær miðuðu að því að finna aðrar leiðir til að leysa út minniháttar ágreiningi milli manna í stað hinnar hefðbundnu dómstólaleiðar meðal annars með sáttafundum milli brotamanna og brotþola og um leið nýta betur aðrar stofnanir í þjóðfélaginu (Jónatan Þórmundsson, 1992; Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 2004).

Það fyrirkomulag sem við þekkjum í nútímalegri mynd var hins vegar mótað á 8. áratug síðustu aldar. Noregur, sem verður sérstaklega fjallað um síðar í þessari ritgerð, reið á vaðið með tilraunaverkefni árið 1981 og tveimur árum síðar var samskonar verkefni hrint af stað í Finnlandi. Þróunin annarstaðar í Evrópu hefur einnig verið hröð, til að mynda er hægt að finna meira en 400 þjónustustöðvar fyrir sáttafundi í Þýskalandi. Í Englandi og Frakklandi var farið af stað með sáttafundatilraunir í sakamálum árið 1979 (Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 2004).

## 1.4 Framkvæmd sáttamiðlunar

Frumkvæðið að sáttafundunum getur í raun komið frá fleiri aðilum, það er að segja að í fyrsta lagi getur það komið beint frá þolandanum eða fleiri fórnarlömbum málsins. Frumkvæðið getur í öðru lagi komið eftir tilvísun frá vini, samstarfsfélagi, yfirmanni eða einhverjum sem stendur málsaðila náið. Löggjafarvaldið getur í þriðja lagi hafa tekið þá ákvörðun að sáttamiðlun sé best til þess fallin að fá niðurstöðu í málinu og að lokum getur frumkvæðið komið frá sáttamiðlaranum sjálfum. Hin hefðbundna leið til sáttafundar er þó þegar frumkvæðið kemur eftir beina tilvísun frá einum eða fleiri aðilum og er það á þann veginn að annar málsaðilinn hefur samband við sáttamiðlara sem svo hefur samband skriflega við hinn aðilann. Innihald bréfsins samanstendur venjulega einungis af upplýsingum um að haft verði samband við viðkomandi símleiðis innan fárra daga og á þann hátt fær seinni mótaðilinn tíma til að undirbúa sig. Þegar fleiri aðilar, til að mynda báðir málsaðilar, hafa samband við sáttamiðlara sýnir það fram á vilja og áhuga til að leysa ágreininginn og jafnframt viðurkenna aðilarnir að geta ekki leyst deiluna sjálfir, án aðstoðar sáttamiðlara. Þegar þangað er komið þurfa bæði málsaðilar og sáttamiðlari að taka afstöðu til þess hvort málið sé til þess fallið að fara í sáttamiðlun. Flest ágreiningsmál eru venjulega til þess fallin að fara í sáttamiðlun, hins vegar geta verið spurningar um ákveðin grundvallaratriði sem segja til um að réttast sé að fara með málið fyrir dómstóla. Til að mynda er sáttamiðlun ekki rétta leiðin þegar ríkið er aðili að málinu (Vindeløv, 2004).

Til að hægt sé að halda sáttafundi er mikilvægt að samþykki allra málsaðila liggi fyrir og skal sáttamiðlarinn vera búinn að sjá til þess að aðilarnir þekki málaferlið almennilega. Sáttamiðlarinn skal þar að auki vera búinn að upplýsa um trúnaðarskyldu, það er að segja að þær upplýsingar sem fram koma á fundunum skuli njóta fyllsta trúnaðar frá öllum aðilum málsins. Til dæmis í máli brotamanns og brotaþola skulu báðir aðilar gæta trúnaðar um það sem fram kemur á fundinum ásamt sáttamiðlaranum sjálfum (Rodriguez, 2007). Síðast en ekki síst er nauðsynlegt að undirstrika mikilvægi þess að sáttamiðlun getur einungis farið fram ef báðir málsaðilar vilja taka þátt (Vindeløv, 2004).

Sáttamiðlarinn þarf á ýmsum upplýsingum að halda áður en haldið er til sáttafunda. Það er því mjög mikilvægt af hálfu sáttamiðlarans að vera búinn að tala við málsaðilana fyrir



fyrsta fund, þetta getur verið stuttur en persónulegur fundur með aðilunum í sitt hvoru lagi eða símtal þar sem mikilvægustu upplýsingarnar koma fram. Aðalatriðið er að sáttamiðlarinn sé búinn að ganga úr skugga um að aðilarnir viti hvað sáttamiðlunin gangi út á og einnig að aðilarnir hafi fengið tækifæri til að spyrja um það sem er þeim óljóst. Þess ber þó að gæta að málsaðilarnir komi ekki fram með of mikið af upplýsingum í þessum samtölum sökum þess að sáttamiðlarinn á ekki að þurfa að vita meira um ágreiningin en kjarna hans og að hann sé til þess fallin að fara í sáttamiðlun. Þar að auki getur það vafist fyrir sumum málsaðilum hverja þeir eigi að taka með sér á sáttafundina sér til aðstoðar. Gríðarlega mikilvægt er fyrir sáttamiðlarann að fá að vita kjarna ágreiningsins, án frekari upplýsinga líkt og að framan greinir, til að getað hjálpað málsaðilum með að taka ákvörðun um hvaða aðilar eigi að taka þátt á fundunum. Sáttamiðlarinn getur einnig ráðið málsaðilunum frá því að velja ákveðin einstakling sem hjálparaðila ef viðkomandi er alls ekki til þess fallin að taka þátt í ferlinu, þó það sé í loks í höndum málsaðilans að taka lokaákvörðun um hver eigi að vera til staðar með honum á fundunum (Vindeløv, 2004).

Undirbúningur sáttafundarins er mjög mikilvægur, bæði líkamlega og andlega. Fyrst ber þó að huga að hversu löngum tíma skuli verja til fundanna og hvar þeir skulu haldnir. Erfitt er að segja til um nákvæma lengd á fundunum því það fer mjög mikið eftir tegund og stærð málsins hversu löngum tíma skal setja af. Fundirnir skulu þó ávallt haldast á hlutlausum stað, það er ekki heima hjá málsaðilunum né á skrifstofu þeirra. Fundarstaðurinn þarf því að vera á stað sem sáttamiðlarinn hefur umráð yfir. Mikilvægt er að fundarstaðurinn sé vel til þess fallinn að halda slíkan fund, það er að umhverfið sé notalegt og að möguleikar séu fyrir hendi að fá sér kaffi- eða vatnssopa og að sáttamiðlarinn geti nálgast hjálparáhöld líkt og tölvu og ljósritunarvél. Þá er mikilvægt að aðilar málsins sitji ekki of þétt til að hindra frekari ágreining. Þegar kemur að andlegum undirbúningi sáttamiðlarans er mikilvægt að hann sé mættur tímanlega fyrir fundinn til að sjá til þess að allt sé eins og það á að vera. Sé sáttamiðlarinn mættur hálf tíma til klukkutíma fyrir fund þá hefur hann möguleika á að fara vel yfir hluti með sjálfum sér áður en sáttamiðlunin hefst. Sáttamiðlarinn á að vera afslappaður, úthvíldur og þekkja vel til allra gagna málsins á meðan sáttamiðluninni stendur (Vindeløv, 2004).

## 1.5 Kostir og gallar sáttamiðlunar

Fræðimenn hafa frá því að notkun sáttamiðlunar hófst fyrir alvöru deilt um hverjir kostir og gallar aðferðarinnar séu. Hafa fylgjendur sáttamiðlunar bent á að með notkun sáttamiðlunar sé farin mun hagkvæmari leið miðað við hina hefðbundnu dómsleið, það er að segja að hún sé bæði ódýrari og fljótvirkari. Á þann hátt hafi aðilar ágreiningsmála mun fleiri kosti á því að leysa úr málum sínum. Deiluaðilarnir fá þar að auki sjálfir að stjórna hvernig tekið sé á deilu þeirra og þurfa þar af leiðandi ekki að sæta því að aðrir ráðskist með hana, líkt og aðkoma lögfræðinga og dómara innan dómskerfisins. Þegar þetta er sagt eru einnig meiri líkur á því að í gegnum sáttamiðlun geti aðilarnir áfram viðhaldið samskiptum og sambandi eftir málslok sem er mjög sjaldgæft eftir dómsmál. Ástæðan fyrir því er einföld því takist sátt eftir sáttamiðlunarferlið þá standa báðir aðilarnir í raun og veru uppi sem sigurvegarar, ólíkt dómsmálum þar sem annarhvor aðilinn vinnur málið (Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 2004; Helgi I. Jónsson, 2009).

Aðilar sem fara með mál sitt til sáttamiðlunar eru heldur ekki bundnir af lögum og reglum líkt og er í dómskerfinu heldur geta þeir náð sáttum og samkomulagi á hvaða hátt sem er. Talsmenn hinnar hefðbundnu dómstólaleiðar hafa einmitt bent á að þetta sé mikill galli en þeir telja að þegar deiluaðilar kjósi að leysa úr ágreiningi sínum án tillits til löggjafar um réttindi og skyldur þá séu þeir að draga úr þýðingu laganna og minnki þar af leiðandi virðinguna fyrir þeim á sama tíma. Sálfræðirannsóknir hafa á sama tíma sýnt fram á að mun minni spenna fylgi sáttamiðlun en dómsmálum og sé því fyrir vikið heppilegri leið fyrir til dæmis börn hjóna sem standa í skilnaði. Sáttamiðlun gefur málsaðilunum einnig tækifæri til að fá útrás fyrir tilfinningum sínum og tala frjállega saman, sem væri ekki möguleiki til að gera fyrir dómi. Niðurstöðu sáttamiðlunar má líta á sem endanlega af þeim sökum að litið er til framtíðar og áhersla lögð á að ná samkomulagi á milli aðila til að bæta úr þeim skaða sem orðinn er, á meðan dómsmál leggja áherslu á að upplýsa það sem gerðist og dæma í málinu á grundvelli þess (Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 2004). Síðast en ekki síst hefur fjöldi samanburðarrannsókna sýnt fram á að almennt telji deiluaðilar að sáttamiðlun leiði almennt til sanngjarnari niðurstöðu heldur en í dómsmálum (Robinson, 2008).

Fræðimenn eru þó ekki allir á þessarar skoðunar. Talsmenn dómstólaleiðarinnar hafa meðal annars óttast að með sáttamiðlun sé verið að tefla réttaröryggi í tvísýnu og geti

jafnframt verið andstætt jafnræðissjónarmiðum. Sömu aðilar vilja einnig meina að sáttamiðlarar geti haft mikil áhrif á niðurstöður málanna í gegnum persónulegar skoðanir sínar en í starfi hans skal hlutleysi vera algjört lykilatriði (Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 2004). Rannsóknir sem gerðar hafa verið um aðferðina hafa flestar bent til mikillar ánægju varðandi niðurstöður málanna. Aðrar benda einnig til ánægju hjá þáttakendum sáttamiðlunar, það er að segja bæði þolendum og gerendum. Einstaka rannsóknir hafa þó sýnt fram á að sumum hefur fundist þeir þvingaðir til þátttöku í ferlinu og á það aðallega við um þolendur sem hefðu þá frekar kosið að fara hina hefðbundnu dómsleið í von um réttlæti (Robinson, 2008).

## **2. Sáttamiðlun á Íslandi**

### **2.1 Almennt**

Sáttamiðlun sem úrræði fyrir deiluaðila er nokkuð nýtt af nálinni hér á landi miðað við til dæmis í nágrannalöndum okkar á Norðurlöndunum. Upphaf notkunnar sáttamiðlunar hér á landi má rekja aftur til ársins 2001 þegar tilraunaverkefninu „Hringnum“ var hrint af stað. Verkefnið opnaði augu fagstétta á borð við félagsráðgjafa og lögfræðinga fyrir sáttamiðlun. Sátt, félag fagfólks sem vinnur við lausn ágreiningsmála, var stofnað árið 2005 og ári síðar var tilraunaverkefni á vegum dómsmálaráðuneytisins sett af stað en hugmyndin að því verkefni á rætur sínar að rekja til áðurnefnds tilraunaverkefnis Hringsins. Hér að neðan verður fjallað nánar um sögu, þróun og stöðu sáttamiðlunar á Íslandi.

### **2.2 Þróun og saga sáttamiðlunar á Íslandi**

Upphaf sáttamiðlunar sem úrræði fyrir deiluaðila má rekja aftur til ársins 1997 þegar þjónustumiðstöðin Miðgarður í Grafarvogi var stofnuð. Fyrir þann tíma höfðu þó einstakir lögfræðingar og aðilar innan annarra fagstétta fjallað um viðfangsefnið og má því segja að notkun og reynsla annarra þjóða af sáttamiðlun hafi verið búinn að skapa áhuga meðal Íslendinga löngu áður en byrjað var að nota úrræðið. Guðfinna Jóhanna Guðmundsdóttir, héraðsdómslögmaður, skrifaði til að mynda um sáttamiðlun í kandidatsritgerð sinni við lagadeild Háskóla Íslands árið 1996 (Guðfinna Jóhanna Guðmundsdóttir, 2005) og aðilar innan ýmissa fagstétta höfðu aflað sér þekkingar um sáttamiðlun sér í lagi frá Noregi þar sem

sáttamiðlun hafði verið notuð í réttarkerfinu með góðum árangri yfir lengri tíma. Þjónustumiðstöðin Miðgarður í Grafarvogi var eins og fyrr segir stofnuð árið 1997 en eitt af meginmarkmiðum þjónustumiðstöðvarinnar var að samþætta þjónustu við íbúa í Grafarvogi, sem var með mjög hátt hlutfall ungs fólks á þeim tíma. Fljótlega var hafist handa með samstarfsverkefni 35 stofnana og félagasamtaka í hverfinu, „Gróska í Grafarvogi“, sem ól af sér ákveðna aðferðafræði sem hefur verið innleidd í hverfinu undir heitinu „Uppbyggingastefnan“. Uppbyggingastefnan byggir meðal annars á því að sporna við fjölgun afbrota og er hugmyndafræði Hringsins þaðan komin. Ennfremur er áhersla lögð á samfélagsmiðaða vinnu, þar sem samkennd og ábyrgðarkennd einstaklinga er virkjuð en slík vinna er sögð gera það að verkum að líkurnar á nýju lögbroti hjá börnum sem hafa tekið þátt í slíkri vinnu séu talsvert minni heldur en hjá þeim börnum sem lúta hefðbundinni málsmeðferð réttarkerfisins (Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 2004).

Tilraunaverkefnið sem var sett á laggirnar árið 2001 og hlaut nafnið Hringurinn hafði að markmiði að gefa börnum sem höfðu framið afbrot tækifæri til að læra af reynslunni og leggja sitt af mörkum til að gera umhverfi sitt öruggara og á þann hátt bæta fyrir hegðun sína á uppbyggilegan hátt. Fellur markmiðið undir hugmyndafræði þá sem áður hefur verið fjallað um og kallast „uppbyggileg réttvísi“ (*e. restorative justice*) en nokkrir fulltrúar Miðgarðs höfðu nokkru áður farið í vettvangsferð til Saint Paul í Minnesotafylki í Bandaríkjunum til að kynna sér aðferðir þeirra. Ákveðið var að leggja áherslu á að ná til þess hóps barna á aldrinum 13 til 15 ára sem áður höfðu eina til tvær skýrslur hjá lögreglunni vegna brota sinna en börn á aldrinum 7 til 12 ára gátu einnig fengið boð um að taka þátt í minni útgáfu Hringsins (Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 2004). Betur verður farið í saumana á tilraunaverkefninu Hringnum í næsta kafla.

Næsta skref í sögu og þróun sáttamiðlunar á Íslandi var tekið á tímabilinu 2004 til 2005 en þá var hrint af stað mikilli framkvæmd að félagi fagfólks sem vinnur við lausn ágreiningsmála á Íslandi. Félagið hlaut nafnið „Sátt“ og hefur verið starfrækt frá árinu 2005. Félagsráðgjafar og lögfræðingar hér á landi sóttu árið 2004 ráðstefnu, „Nordisk Forum för Mekling og Konflikthantering“, í Skövde í Svíþjóð en sá innblástur sem ferðin veitti þeim hvatti þá til samstarfs um stofnun félagsins ásamt fleira fagfólki. Helsti hvatamaðurinn að stofnun félagsins var þó Knut Petterson, héraðsdómari í Noregi, en hann hvatti hóp þeirra

Íslendinga sem hann hafði hitt á ráðstefnunni í Skövde til að byggja á reynslu nágrannabjórðanna og hrinda af stað sáttamiðlun hér á landi. Petterson hélt meðal annars tvö námskeið um sáttamiðlun hér á landi þar sem rúmlega þrjátíu manns tóku þátt en margir þeirra eru meðal stofnenda Sáttar. Hvatning Pettersons varð til þess að nokkrir áhugasamir einstaklingar fóru að hittast reglulega til að ræða áframhaldandi vinnu við stofnun félagsins sem lauk með því að efnt var til stofnfundar þann 22. nóvember 2005. Tuttugu einstaklingar mættu á fundinn og ákváðu að stofna félagið Sátt (Sátt – félag um sáttamiðlun, 2006). Tæplega 40 einstaklingar eru nú meðlimir í Sátt en þau eiga það öll sameiginlegt að vera fagfólk á ýmsum sérsviðum, hér má meðal annars nefna félagsráðgjafa, lögfræðinga, sálfræðinga og fleiri fagstéttir (Sátt – félag um sáttamiðlun, e.d. a). Á stofnfundi félagsins, í nóvember 2005, voru samþykkt ný lög. Meðal þess sem þar er getið er skilgreining hugtaksins „sáttamiðlun“ í 2. gr. laganna, félagsaðild í 3. gr. laganna og hver tilgangur félagsins sé í 4. gr. laganna. Ennfremur er fjallað um stjórn Sáttar í 5. gr. og aðalfund félagsins sem skal haldinn á fyrsta ársfjórðungi hvers árs í 6. gr. laganna. Þátttökugjald á ýmiskonar ráðstefnur og námskeið sem snerta sáttamiðlun er tekið fyrir í 7. gr. laganna og 8. gr. segir til um gildistöku laganna sem tóku gildi á stofnfundinum. Níunda og jafnframt síðasta grein laganna hljóðar svo: „Verði uppi óskir um að leggja Sátt niður, þarf sú tillaga samþykki 2/3 atkvæðisbærra fundarmanna á tveimur aðalfundum, og skal á þeim fundum taka ákvörðun um ráðstöfun á eignum félagsins“ (Sátt – félag um sáttamiðlun, e.d. b). Líkt og 3. gr. laga Sáttar um félagsaðild segir til um þá verður félagsaðili að hafa lokið háskólaprófi, þetta þýðir meðal annars að ekki getur hver sem er starfað sem sáttamiðlari á vegum félagsins (Sama heimild). Félagið hefur frá stofnun verið með ýmiskonar námskeið um sáttamiðlun á sínum snærum en það fyrsta var haldið þann 3. febrúar 2006. Fyrirlesari þess var Pia Deleuran, danskur lögmaður og sáttamiðlari, sem hefur meðal annars kennt á öllum námskeiðum sem danskir dómáramur og lögmenn verða að hafa tekið til að mega taka að sér sáttamiðlun. Síðar hafa verið haldin fleiri námskeið á vegum Sáttar en árið 2008 höfðu í allt 36 sáttamiðlunar útskrifast af þessum námskeiðum. Bakgrunnur nemenda er afar fjölbreyttur en þeirra á meðal hafa verið félagsráðgjafar, lögreglumenn, lögfræðingar, sálfræðingar og guðfræðingar (Sátt – félag um sáttamiðlun, e.d. c).

Tilraunaverkefni á vegum dómsmálaráðuneytisins var sett af stað árið 2006 en fyrir þann tíma, nánar tiltekið þann 11. september 2003, hafði þáverandi dómsmálaráðherra

Björn Bjarnason skipað nefnd til að fara yfir og fylgjast með tilraunaverkefninu Hringnum. Nefndinni var jafnframt falið það verkefni að leggja mat sitt á reynsluna af verkefninu ásamt því að segja til um hvort rétta leiðin væri að taka upp slíkt fyrirkomulag almennt við meðferð ósakhæfra unglunga. Jafnframt var nefndinni falið að leggja mat á hvort taka ætti upp sambærileg úrræði fyrir sakhæfa unglunga og í sambandi við það átti nefndin að gera tillögur að lagabreytingum. Nefndin hóf loks störf þann 31. október 2003 en meðal leiða sem nefndin fór til að kynna sér úrræðið var ferð til Noregs þar sem norrænur fundur um sáttamiðlun var sóttur, ferðir til Norðurlandanna þar sem framkvæmd sáttamiðlunar var skoðuð hjá nágrannabjóðum okkar og að lokum voru sérfræðingar á hinum ýmsu sviðum fengnir til að gefa sitt álit úrræðinu (Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 2004). Nánar verður fjallað um tilraunaverkefni dómsmálaráðuneytisins og niðurstöður þess síðar.

### **2.3 Tilraunaverkefnið Hringurinn**

Tilraunaverkefninu Hringnum var hrint af stað sem hluta af svokallaðari „Uppbyggingastefnu“ Miðgarðs, þjónustumiðstöðvar Grafarvogs, árið 2001. Hringurinn var samstarfsverkefni Miðgarðs og lögreglunnar í Reykjavík um nýjar leiðir til að taka á afbrotamálum barna í Grafarvogi en hátt hlutfall ungra íbúa bjuggu í hverfinu. Auk Miðgarðs og lögreglunnar í Reykjavík komu að verkefninu fyrirtæki, stofnanir og félagasamtök í Grafarvogi, auk fulltrúa félagsráðgjafar við félagsvísindadeild Háskóla Íslands. Starfsemi Hringsins hófst formlega þann 1. september 2001 og var hún sniðin að bandarískri fyrirmynd frá South Saint Paul í Minnesotafylki í Bandaríkjunum. Aðferðin sem er beitt í South Saint Paul kallast „Restorative Justice Circles“ og hafði yfir lengri tíma verið árangursrík. Aðferðin var aðlöguð að íslensku samfélagi eftir að fulltrúar frá Miðgarði fóru í vettvangsferð til South Saint Paul (Ragnheiður Elfa Arnardóttir, 2002).

„Restorative Justice Council“ kallast ákveðin nefnd sem er starfandi í tengslum við hringstarfsemi South Saint Paul en dæmi um afbrot sem þeir vinna með eru líkamsárásir, skemmdarverk, nytjastuldur, þjófnaðir og varsla eða neysla fíkniefna. Meginmarkmið þeirrar stefnu sem South Saint Paul vinnur samkvæmt og sem Miðgarður aðlagði sig að felst í að gefa einstaklingum sem gera mistök tækifæri til að endurmeta sjálfa sig og fyrri hegðun sína, meta nýjar leiðir til að ná markmiðum, reyna annars konar hegðun og leiðréttu fyrri óæskilega hegðun. Einstaklingurinn nær á þennan hátt að snúa aftur til samfélagsins, í sitt

félagslega umhverfi, á auðveldari hátt ásamt því að vera sterkari en áður. Hringurinn í Grafarvogi einskorðaðist við að taka á skemmdarverkum og þjófnum þar sem lögð var áhersla á að ná til þess hóps barna sem áður höfðu eina til tvær skýrslur hjá lögreglunni vegna brota sinna. Þátttökuboð í Hringinn fengu þau við fyrsta brot, ef um eignaspjöll var að ræða eða ef upphæð þjófnaðar nam hærri fjárhæð en 2000 krónur. Þátttaka í Hringnum við annað brot var með öðru móti en þá fengu börnin og forráðamenn þeirra boð um þátttöku ef mat stýrihóps var ekki á þann veg að ekki væru forsendur fyrir þátttöku, fóru þá mál barnanna ýmist til annars konar meðferðar hjá barnaverndarstarfsmönnum eða unglingaráðgjöfum (Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 2004).

Aðferðin sem tilraunaverkefnið byggði á fólst í því að vinna með þolanda, samfélaginu, geranda og fjölskyldu hans með það að leiðarljósi að finna leiðir til úrlausna. Aðilar sem koma nálægt slíku máli unnu í nærsamfélaginu þar sem brotið hafði verið framið þar sem geranda er gefinn kostur á að velja leið til að bæta fyrir hegðun sína á uppbyggilegan hátt þar sem samfélagið kom til honum til aðstoðar. Þolandanum gefst einnig á þennan hátt tækifæri til að endurheimta sjálfsvirðingu sína með því að geta tjáð skoðanir sínar og sagt frá þörfum sínum. Áðurnefndur stýrihópur stjórnaði umsóknum barna og forráðamanna þeirra í Hringinn en stýrihópurinn hafði það verkefni að meta eðli og umfang þess verknaðs sem gerandi hafði gerst sekur um og hvort viðkomandi gæti nýtt sér ferli Hringsins. Stýrihópurinn samanstóð af félagsráðgjafa, forvarnarfulltrúa lögreglunnar og sálfræðingi. Starf Hringsins hefst á að ábyrgðarmaður heldur fyrsta fund ferlisins sem kallast upphafsfundur en þar koma saman gerandi, forráðamenn hans, þolandi og fulltrúi samfélagsins. Meginmarkmið þessa fundar og þess næsta, sem kallast markmiðsfundur, er að vinna að því að ná jákvæðum samskiptum og tengslum milli einstaklinganna sem eiga hlut að málinu. Markmiðsfundirnir geta orðið fleiri en einn, það ræðst einna helst af eðli og umfangi málsins og fjölda þátttakenda í málinu. Niðurstaða slíkra funda er að gerandi setur sér raunhæft markmið sem hann getur staðið við en það gerir hann með aðstoð, þátttöku og samþykki annarra hringaðila. Markmiðið sem slíkt getur verið að gera það umhverfi, til dæmis almenningsgarður, sem viðkomandi framdi skemmdarverk í, fallegra í samstarfi við bæjarstarfsmenn. Einstaklingurinn öðlast á þennan hátt sjálfsvirðingu og reynslu sem getur aukið vísýni hans og nýst honum til frambúðar ásamt því að mynda tengsl við fullorðna aðila og stuðla að betra samfélagi. Fyrst og fremst tekur einstaklingurinn þó á sig ábyrgð sem

þjóðfélagsþegn og byggir upp sjálfan sig að nýju. Gerandinn er að markmiðsfundinum loknum kynntur fyrir tengli en tengillinn heldur utan um alla þá vinnu sem gerandinn hefur sett sér til að ná markmiðum sínum. Tengillinn er í stöðugu sambandi við ábyrgðarmann geranda um hvernig geranda gangi að ná markmiðunum, ef markmiðum hefur verið náð er komið á lokafundi. Lokafundurinn samanstendur af geranda, forráðamönnum hans, þolanda, fulltrúa samfélagsins og ábyrgðamanninum og fara þessir aðilar yfir stöðu mála, meta hvernig hafi gengið og hvort markmiðssetning hafi náðst (Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 2004).

Úttekt á tilraunaverkefninu var gerð eftir árs starf í því skyni að afla vísbendinga um hvort slík aðferðafræði hentaði íslenskum aðstæðum, þar komu í ljós mjög jákvæðar umsagnir varðandi starfið frá þátttakendum Hringins. Samtals hafði 38 gerendum verið boðið í Hringinn en 13 þeirra höfðu þátttöku. Gerendur sem höfðu lokið Hringnum voru 17 talsins, fimm gerendur höfðu lokið „litlum Hring“ í skóla á meðan þrír höfðu ekki lokið Hring (Ragnheiður Elfa Arnardóttir, 2002). Gerendur voru beðnir um að svara hvernig þeim hafi fundist starfið sem fór fram í Hringnum og svöruðu 82% gerenda að það væri mjög gott eða gott, 18% töldu það í meðallagi gott á meðan engum fannst það slæmt. Ennfremur fannst 73% gerenda það mjög gott eða gott að fá tækifæri til þátttöku í því starfi sem Hringurinn bauð uppá en 27% fannst það í meðallagi gott, aftur fannst engum það slæmt. Áhugavert er að sjá að öllum gerendum sem tóku þátt í Hringnum fannst það þess virði. Aðspurðir um hvað þeim hefði líkað best var svar gerenda að það hefði verið hlustað á þá og þeirra sjónarmið tekin gild. Jafnframt var það þeim mikilvægt að fá að geta unnið jákvætt úr því broti sem þeir höfðu framið. Þolendurnir sem svöruðu voru ekki jafn margir og gerendurnir en þeir sem svöruðu lýstu tilfinningum sínum áður en þátttaka hófst meðal annars sem reiði, þirringi, óöryggi og litlu valdi. Tilfinning um stuðning og þakklæti voru hins vegar tilfinningar sem þeir sömu lýstu eftir þátttöku. Andrúmsloftið var talið vera gott og samskipti við börnin mikilvægt (Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 2004; Ragnheiður Elfa Arnardóttir, 2002).

#### **2.4 Tilraunaverkefni dómsmálaráðuneytisins**

Tilraunaverkefni um sáttamiðlun í opinberum málum var sett af stað af dómsmálaráðherra þann 17. maí 2006 en tilraunin var til tveggja ára. Jafnframt var skipuð nefnd til að annast eftirlit með verkefninu og gæta samræmningar milli þeirra aðila sem að því komu. Mikilvægt



var að verkefnið yrði kynnt almenningi vel og kom það því í hlut nefndarinnar að sjá til þess ásamt því að skila stöðuskýrslu til dómsmálaráðherra þegar verkefnið væri hálfnað. Upphafleg nefnd verkefnisins var skipuð þeim Ragnheiði Harðardóttur, vararíkissaknsóknara en hún var jafnframt formaður nefndarinnar. Dís Sigurgeirsdóttir, lögfræðingur í dómsmálaráðuneytinu, Egill Stephensen, saknsóknari hjá lögreglustjóranum í Reykjavík og Hafsteinn Gunnar Hafsteinsson, verkefnisstjóri tilraunaverkefnisins, voru aðrir nefndarmeðlimir (Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 2007).

Tilraunaverkefnið hófst formlega þann 1. október 2006 og byrjaði hjá lögregluembættinu á höfuðborgarsvæðinu þó það hafi náð til alls landsins stuttu síðar. Lögreglumenn voru fengnir til annast sáttamiðlunina á grundvelli erlendrar fyrirmyndar. Fyrirmyndin kallast „Real Justice“ og er talsvert frábrugðin þeirri sem notast er við meðal annars á Norðurlöndunum. Leiðbeinendur frá Englandi og Bandaríkjunum voru fengnir til að kenna íslensku lögreglumönnum réttu vinnubrögðin en í allt voru það 15 lögreglumenn á höfuðborgarsvæðinu sem störfuðu sem sérstakir sáttamiðlarar. Ríkissaknsóknari gaf þau fyrirmæli með innleiðingu sáttamiðlunar að ákærandi gæti nú vísað málum sem varðar brot gegn tilteknum ákvæðum almennu hegningarlaganna nr. 19/1940 til sáttamiðlunar. Brotin sem um er rætt eru 244. gr. almennra hegningarlaganna nr. 19/1940 sem fjalla um þjófnað, 245. gr. sömu laga sem er gripdeild, 231. gr. sem er húsbrot, 233. gr. sem eru hótanir, 257. gr. sem eru eignaspjöll, 217. gr. er fjallar um minniháttar líkamsárásir, 255. gr. sem er nytjastuldur og að lokum 106. gr. laganna sem varðar minniháttar brot gegn valdstjórninni. Samkvæmt fyrirmælum ríkissaknsóknara var áréttað að sáttamiðlun væri sérstaklega ákjósanlegur kostur fyrir brotleg ungmenni á aldrinum 15 – 21 árs. Önnur skilyrði fyrir sáttamiðlun voru að gerandi hafði játað brot sitt, mál væri upplýst, gerandi og þolandi hefðu samþykkt að mál þeirra færi þessa leið og það skyldi vera í höndum ákæranda að ákveða hvort málið færi til sáttamiðlunar (Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 2007).

Sáttamiðlunarferlið var á þann veg að þegar mál var kært til lögreglu fór það í hendur þess lögreglumanns sem rannsakaði málið að annast frumgreiningu þess og kanna hvort það uppfyllti skilyrði sáttamiðlunar, það er hvort það heyrði undir þau ákvæði almennra hegningarlaga sem gerð voru skil hér að ofan. Reyndist þeim skilyrðum fullnægt var það sent til ákæranda sem tók ákvörðun um hvort málið skyldi fara til sáttamiðlunar, en þetta átti við

um öll ákvæðin nema 106. gr. laga nr. 19/1940 en þá var það í höndum ríkissaknsóknara að taka ákvörðunina. Ákærandi gat nú vísað máli til sáttamiðlara ef hann hafði tekið þá ákvörðun að fara með málið til sáttamiðlunar, sáttamiðlarinn kannaði þá endanlega afstöðu þolandans og gerandans til sáttamiðlunarinnar og boðaði þá til sáttafundar ef þeir höfðu samþykkt þá leið. Sáttafundurinn fór vanalega fram á lögreglustöð þess embættis þar sem brot hafði verið framið en einnig var hægt að biðja um aðra fundarstaði. Tilkynnti brotaþoli ekki um vanefndir innan viku frá efndatíma samnings var litið svo á að hann væri efndur og málið þar með sent til ákæranda á ný til málslúkningar. Ákærandi fellur á þennan hátt frá saksókn og brotið verður þar með ekki skráð á sakaskrá geranda. Sáttamaður skyldi hafa lokið máli innan þriggja vikna frá þeim tíma sem ákærandi vísar máli til hans, þessu gekk hins vegar illa að framfylgja á tilraunaárinu vegna ýmissa vandkvæða (Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 2007).

Meðaltími mála á fyrsta ári tilraunaverkefnisins var tvær klukkustundir og 53 mínútur en þá er undirbúningstíminn talinn með. Sáttafundir án undirbúnings voru að jafnaði ein klukkustund og 18 mínútur og undirbúningur hvers sáttafundar var ein klukkustund og 35 mínútur. Langflest mál komu til lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, enda langstærsta embætti landsins. Samtals fóru 20 mál til sáttamiðlunar á fyrsta ári tilraunaverkefnisins en 12 þeirra voru vegna líkamsárása, fjögur vegna minniháttar brota gegn valdstjórninni, tvö vegna eignaspjalla og tvö vegna þjófnaðar. Samtals voru þátttakendur málanna 92 en þá er átt við gerendur, þolendur og stuðningsfulltrúa þeirra. Aldursbil gerenda var breitt, allt frá 15 ára til 40 ára en flestir voru þeir á bilinu 15 til 21 árs. Undirbúningur fyrir mál vakti mikla ánægju hjá þátttakendum en 95% þeirra svöruðu því til að þeir væru að mestu leyti eða mjög ánægðir með hann, að sama skapi voru þátttakendurnir sáttir með hvernig sáttafundi var stýrt eða 93%. Niðurstöður mála og sanngirni sáttamiðlarans vakti einnig ánægju meðal þátttakenda en 37,1% þeirra voru sátt með niðurstöðu málsins og 51,7% mjög sáttir, 86,7% töldu sáttamiðlarann hafa verið sanngjarnan. Afstaða til þátttöku var einnig skýr en 82% sögðust taka þátt aftur ef svo væri tilefni til, sem er mjög hátt og jákvætt hlutfall. Sáttamiðlun var að sama skapi eitthvað sem þátttakendurnir töldu að þeir myndu mæla með við aðra í sömu sporum því 90% svöruðu að svo myndu þau gera (Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 2007).

## 2.5 Staða mála á Íslandi í dag

Tölurnar tala oftast sínu máli og var jákvæðnin í fyrirrúmmi hjá þátttakendum á fyrsta ári tilraunaverkefnis dómsmálaráðuneytisins, þetta endurspeglast einnig af því að sátt náðist í öllum málunum sem sáttamiðlun var notuð í.

Þróun sáttamiðlunar á Íslandi hefur þó mögulega ekki orðið sú sem búist var við, það er að segja að bæði umfjöllun og notkun úrræðisins hefur ekki orðið sú sama og lagt var upp með þegar ráðist var í annars vegar tilraunaverkefnið Hringinn og hins vegar tilraunaverkefni dómsmálaráðuneytisins. Mikilvægt er þó að leggja áherslu á þá ljósu punkta sem eru enn til staðar hér á landi. Lögregluembættið á Vestfjörðum var til að mynda sérstaklega nefnt sem fyrirmyndar embætti þegar kom að notkun og reynslu sáttamiðlunar á Íslandi í stöðuskýrslu dómsmálaráðuneytisins árið 2007 (Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 2007) og eftir þann tíma hefur lögregluembættið á Suðurnesjum sýnt fram á mjög góðan árangur í þeim málum sem hafa farið í sáttamiðlun. Embættið afgreiddi, að sögn Maríu Pálsdóttur rannsóknarlögreglumanns á Suðurnesjum, árið 2009 tólf mál með sáttamiðlun en hjá embættinu eru það tveir rannsóknarlögreglumenn og einn lögreglumaður sem hafa fengið þjálfun í sáttamiðlun. Sáttamiðlun hefur þar að auki færst mjög í aukana hjá bæði lögfræðistofum og einnig hjá sýslumanni, til að mynda má nefna lög nr. 91/1991 um meðferð einkamála þar sem 15. kafli laganna fjallar um sáttir en þar er samkvæmt 107. gr. sömu laga gert ráð fyrir að aðilar sem eiga í ágreiningi geti vísað máli til sáttamiðlunar hjá sýslumanni. Samstarf milli faghópa er einnig nokkuð þegar kemur að sáttamiðlun eins og sést best á tilraunaverkefninu Hringnum þar sem þjónustumiðstöðin Miðgarður, lögreglan í Reykjavík og forvarnardeild lögreglunnar í Reykjavík störfuðu mjög náið með velheppnuðum árangri. Stofnun félags um sáttamiðlun, Sátt, var einnig stórt skref á sínum tíma þar sem ólíkar fagstéttir unnu saman að sameiginlegu markmiði. Þjónustumiðstöðin Miðgarður, í nánu samstarfi við Félagsbústaði, hefur fært og þróað sáttamiðlun sína frá Hringnum áfram til nágrannerja sem geta átt sér stað milli íbúa í félagslegum íbúðum sem eru á vegum Félagsbústaða. Sáttamiðlunin þar hefur, að sögn Ragnheiðar Elfu Arnardóttur félagsráðgjafa í Miðgarði, gengið með eindæmum vel og er stefnan sett á að halda henni áfram.

### 3. Sáttamiðlun erlendis

#### 3.1 Almennt

Sáttamiðlun sem úrræði hefur vaxið fiskur um hrygg erlendis frá því á níunda áratug síðustu aldar eða allt frá því norðmenn fóru að hefja notkun á sáttamiðlun í ágreiningsráðum sínum. Framkvæmd sáttamiðlunarinnar er mjög fjölbreytt á milli landa þar sem ólíkar skoðanir á hver skuli starfa sem sáttamiðlari og hvaða aldurshóp úrræðið skuli notast við eru í brennideplinum. Úrræðið hefur skapað sér misstóran sess í löndunum en á flestum vígstöðum er þó almenningur sammála um að sáttamiðlun virki og sé komin til að vera. Kaflarnir hér að neðan munu reyna að gefa mynd af sáttamiðlunarstarfsemi hinna ólíku landa.

#### 3.2 Sáttamiðlun í Noregi

Noregur er mögulega það land á Norðurlöndunum sem er komið hvað lengst í beitingu sáttamiðlunar og hefur verið talin fyrirmynd annarra norrænna þjóða hvað þetta úrræði varðar. Norðmenn hafa þar að auki byggt upp sáttamiðlunina sína á þann hátt að margir valkostir eru til staðar, sumir þessara valkosta eru til að mynda ekki tengdir neinni ákveðinni löggjöf og er því misjafnt hvernig sáttamiðluninni er háttað. Sáttamiðlun fyrir dómstólum er mikið notuð aðferð þar í landi og eru þar þrjár leiðir færar. Í fyrsta lagi er það sáttaráðið (*n. forliksråd*), í öðru lagi finnum við sáttamiðlun fyrir hinum hefðbundnu dómstólum og að lokum réttarsátt (*n. rettsmekling*). Þessar leiðir sáttamiðlunar eru notaðar við einkamál þar sem málaflokkarnir eru jafn fjölbreytilegir eins og þeir eru margir, ber þar helst að nefna nágrannaerjur og skilnaðarmál sem lenda undir hinni svokölluðu réttarsátt. Sáttamiðlun í sakamálum er þó sú leið sem er mest notuð í Noregi og hafa norðmennirnir brugðið á það ráð að setja upp ákveðin ágreiningsráð (*n. konfliktråd*) í öllum umdæmum landsins (Vindeløv, 2004).

Mikil umræða átti sér stað í Noregi í kringum 1980 um hvort hið hefðbundna dómskerfi væri rétta leiðin að fara í tengslum við unglingaafbrot. Það var því ákveðið að setja á fót sjálfstætt tilraunaverkefni árið 1981 sem hlaut nafnið „Konfliktrådet i Lier“ sem dregur nafn sitt af heiti sveitarfélagsins Lier. Innblástur verkefnisins var sótt í smiðju afbrotafræðingsins Nils Christie sem hafði lengi talað um mikilvægi þess að í boði væri

úrræði fyrir deiluaðila þar sem þeim væri gert kleift að gera upp málin sín á milli án afskipta lögfræðinga eða annarra sérfræðinga. Christie hafði meðal annars skrifað áhrifamikla grein sem hann nefndi „Conflict as property“ árið 1978 þar sem hann fjallaði um áður nefnt úrræði. Tilraunaverkefnið í sveitarfélaginu Lier hafði að leiðarljósi að leita annarra úrræða fyrir unga brotamenn á aldrinum 14 – 18 ára í stað þess að notast við hefðbundna refsivist. Þetta þótti heppnast mjög vel og tveimur árum síðar, árið 1983, bauð félagsmálaráðherra Noregs 435 sveitarfélögum að taka þátt í áframhaldandi verkefni á þessu sviði. Árið 1991 voru sett lög í Noregi um sáttamiðlun sveitarfélaga þar sem þessi tilraunaverkefni voru gerð varanleg (Kemény, 2005).

Ágreiningsráðin hafa að markmiði að styrkja nærsamfélagið til að sjá um mildari brot á lögum, taka minni mál til meðferðar hratt og auðveldlega ásamt því að gera unga afbrotamenn meðvitaða um ábyrgð sína og halda þeim fyrir utan hefðbundna refsivist. Það sem breyttist með löggjöfinni frá árinu 1991 var að fleiri mál en einungis sakamál ungra afbrotamanna voru til meðferðar en þá var hægt að færa einkamál undir sáttamiðlun ef þörf var á. Brotamönnum á öllum aldri býðst þar að auki þetta úrræði þó það sé aðallega notað af yngri brotamönnum, þetta sést glögglega á tölum frá árinu 2004 þar sem 60% notanda sáttamiðlunar í sakamálum voru undir 17 ára aldri á móti aðeins 10% hjá þeim sem voru yfir 35 ára aldri (Vindeløv, 2004).

Gaman er að bera saman tölur frá árinu 2002 við þær nýjustu en þar má sjá mikla aukningu í notkun sáttamiðlunar hjá ágreiningsráðunum. Árið 2002 fóru 5154 mál til sáttamiðlunar í 39 ágreiningsráðum, af þeim voru einkamál í meirihluta eða 2980 talsins á móti 2174 sakamálum (Vindeløv, 2004). Þegar litið er á nýjustu tölur ágreiningsráðanna frá árinu 2008 má sjá mikla aukningu í notkun sáttamiðlunar. Alls höfðu 8960 mál komið á borð norsku ágreiningsráðanna sem er aukning um 3806 mál á sex árum. Sakamálin voru einnig orðin fleiri en einkamál þó munurinn hafi ekki verið mikill, alls bárust 4497 sakamál til ágreiningsráðanna á móti 4463 einkamálum. Hafa ber í huga að öll þessi mál leiða ekki til sáttamiðlunar því í sumum tilvikum eru ekki báðir aðilar samþykkir því að málið eigi að fara til sáttamiðlunar eða að ágreiningsráðin sjálf óska eftir liðsinni frá öðrum stofnunum, líkt og gerðist í 2389 málum þetta árið. Af þeim 6793 málum sem fóru til sáttamiðlunar náðust sáttir í miklum meirihluta málanna, 5270 málum, í sumum tilvikum náðust sáttir að hluta til,

399 málum og þá voru 1124 mál sem ekki var hægt að ná sáttum í. Flest þeirra mála sem berast til norsku ágreiningsráðanna koma frá lögreglunni, bæði þegar kemur að sakamálum og einkamálum. Voru þau brot sem komu inná borð ágreiningsráðanna árið 2008 að stærstum hluta ofbeldismál (20%), þá var talsvert um mál sem snertu tjón og skemmdarverk (18%) og þjófnaði (14%). Konur voru gerendur í 26% þessa mála á móti 72% karla. 2% geranda voru ýmiskonar fyrirtæki eða stofnanir. Bæði í tilfellum kvenna (8%) og karla (23%) voru flestir gerandanna á aldrinum 15 til 17 ára. Samningarnir sem gerðir voru á milli aðilanna voru af mismunandi tagi þar sem 36% kváðu á um skaðabætur, í 36% tilfella náðust sáttir án frekari deilna og 13% tilfella kváðu samningarnir á um vinnuframlag af einhverju tagi. Langflestir stóðu við þá samninga sem gerðir voru eða 81,4% á móti aðeins 3,3% sem höfðu brotið samninga, 14,3% samninganna voru enn í gangi þegar listinn var birtur (Konfliktrádet, 2008).

Staðan í dag er sú að 22 ágreiningsráð eru starfrækt í landinu. Skýrslur sem hafa verið gerðar um sáttamiðlun sýna fram á að mjög hátt hlutfall þeirra sem hafa notast við sáttakerfið eru ánægðir, það er bæði með ferlið sjálft og þær niðurstöður sem komu út úr því. Einnig hafa verið sett á laggirnar enn frekari tilraunaverkefni innan nokkurra ágreiningsráða en þar ber einna helst að nefna verkefni í Bergen árið 2001 til 2003 um sáttamiðlun í alvarlegum ofbeldisglæpum (Kemény, 2005). Ágreiningsráðin hafa einnig á síðustu árum aukið umfang sitt með því að bjóða uppá sáttamiðlun í fangelsum ásamt sáttamiðlun í stærri hópum. Síðarnefnda aðferðin hefur þróast mjög hratt og reynst vel en árið 2009 voru haldnir 227 fundir (Konfliktrádet, 2009). Eins og sjá má þá eru Norðmenn komnir mjög framarlega í notkun og beitingu sáttamiðlunar sem sést hvað best á fjölgun mála sem vísað er til sáttamiðlunar. Þar að auki er greinilegt að þeir vilja ekki láta staðar numið í þessum málefnum með stöðugum nýjum áherslum sem verður að teljast vitna til um að úrræðið sé að virka hjá nágrannaþjóð okkar.

### **3.3 Sáttamiðlun í Danmörku**

Saga sáttamiðlunar í Danmörku er mun styttri og umfangsminni en í Noregi. Sáttamiðlun hefur þó skapað sér sess þar í landi, bæði innan einkamála sem og í opinberum málum. Stjórnvöld í Danmörku settu árið 1995 af stað tilraunaverkefni til eins árs í fjórum lögregluumdæmum sem átti að sporna við ofbeldi. Horfðu stjórnvöld sérstaklega á

aldurshópin 15 til 21 árs með það í huga að koma í veg fyrir ný afbrot ásamt því að koma til móts við brotabólann (Paus, 2009). Tilraunin fór fram í svokölluðum ágreiningsráðum líkt og í Noregi en þó með öðrum hætti að því leyti að sáttameðferðin var einungis viðbót við þá refsingu sem viðkomandi hafði hlotið. Skemmst er frá því að segja að verkefnið naut lítillar velgengni og var því sett af stað nýtt tilraunaverkefni árið 1998 til fjögurra ára. Að þessu sinni náði það yfir þrjú lögregluumdæmi sem voru Glostrup, Hróarskelda og Ringsted (Vindeløv, 2004). Velgengnin var í þetta skiptið mun meiri og var því ákveðið að halda því áfram í tveimur af umdæmunum. Árið 2007 var lagt nýtt mat á verkefnið og ákveðið að búa til ákveðna nefnd á vegum dómsmálaráðuneytisins í Danmörku sem átti að ákveða framtíð ágreiningsráðanna. Nefndin gaf ári síðar út skýrslu sem hlaut nafnið „Betænkning om konfliktråd“ en hún innihélt meðal annars lagafrumvarp um stofnun ágreiningsráða í öllum lögregluumdæmum landsins. Meirihluti nefndarinnar vildi þó ekki notast við sáttamiðlun sem valkost við refsingu líkt og er í Noregi (Paus, 2009).

### **3.4 Sáttamiðlun í Finnlandi**

Þann 1. júní 2006 voru sett lög um sáttamiðlun í sakamálum og í sumum einkamálum í Finnlandi. Fyrir þann tíma hafði þó lengi verið notast við sáttamiðlun þar í landi en fram að sjöunda áratug síðustu aldar hafði aðferðin til dæmis verið í höndum rannsakenda á sviði félagsvísinda, verkþekkingarmanna og fulltrúa lúthersku kirkjunnar. Ástæða þeirra var einföld, þau vildu gera eitthvað í þeim himinháu fangatölum sem voru í Finnlandi á þessum tíma. Fjöldi fanga í Finnlandi á sjötta og sjöunda áratugnum var jafn mikill og í öllum hinum norrænu þjóðunum samanlagt og því töldu þessir aðilar það vera löngu tímabært að fá því breytt. Fyrsta tilraunaverkefnið leit þó ekki dagsins ljós fyrr en árið 1983. Tilraunaverkefninu, sem var stjórnað af félagsþjónustunni með fjárhagslegum stuðningi Vaanta borg og finnsku vísindastofnunarinnar, vakti mikla athygli og fljótt höfðu fleiri sveitarfélög sett af stað svipuð verkefni. Þróunin á næstu árum var gríðarleg og árið 2000 var stunduð sáttamiðlun í 255 af samtals 452 sveitarfélögum landsins, þó án nokkurrar löggjafar og fjárhagslegs stuðnings finnska ríkisins. Það var loks árið 2006 sem breytingar urðu á þessum málum en fram að því höfðu sveitarfélögin greitt allan kostnað vegna þeirra sjálf (Paus, 2009).

Segja má að mikill áhugi almennings ásamt þátttöku kirkju og félagsþjónustu hafi gert sáttamiðlun að veruleika í Finnlandi, því stjórnvöld þar í landi höfðu ekki mikinn áhuga á því

að notast við úrræðið til að byrja með. Finnarnir leggja þar að auki mikið uppúr því að lögreglan og ríkissaknsóknari séu vel upplýst um sáttamiðlunina, til að mynda skal þessum aðilum skýrt frá útkomu sáttamiðlunarinnar um leið og henni er lokið (Paus, 2009).

### 3.5 Sáttamiðlun í Svíþjóð

Tilraunir Svía með sáttamiðlun hófust árið 1987, fram að því hafði sáttamiðlun ekki þekkt í Svíþjóð og því um algjöra nýjung að ræða. Tilraunaverkefni á vegum samtakanna „Skyddsvernet“ í Stokkhólmi hrinti þó af stað mikilli bylgju sáttamiðlunaverkefna í Svíþjóð sem leiddi að lokum til löggjafar á sviði sáttamiðlunar.

Árið 1987 voru sett af stað þrjú tilraunaverkefni, það fyrsta var í höndum áðurnefnds Skyddsvernet sem hafði átta ára börn sem yngsta markhóp. Hvergi annarstaðar á Norðurlöndunum hefur aldur markhóps verið jafn lágur og því um algjört einsdæmi að ræða. Annað tilraunaverkefni sem var sett á laggirnar sama ár var vígt af lögreglunni og það þriðja var samvinnuverkefni milli lögreglu, skólayfirvalda og félagsmálayfirvalda. Sameiginlegt þessum verkefnum var það að öll beindust þau að ungum afbrotamönnum og þá helst að brotum eins og skemmdarverkum, búðarhnupli og annarsháttar þjófnaði. Fjöldi annarra verkefna voru í kjölfarið sett af stað í Svíþjóð í kringum 1990, þó með misjöfnum árangri og má segja að sáttamiðlunarstarfsemin þar í landi hafi verið nokkuð takmörkuð fram að árinu 1998 en það ár var enn einu tilraunaverkefninu hrint af stað. Tilraunaverkefnið var að þessu sinni til eins árs og innihélt í raun 32 minni verkefni, það var að sáttamiðlun var sett inn í félagsþjónustur sveitarfélaganna. Líkt og áður gekk þetta frekar illa og var sáttamiðlunin í takmörkuðu magni á næstu árum, til að mynda sýndu skýrslur sem gefnar voru út árið 2003 fram á að um mjög litla virkni var að ræða í því starfi sem enn var í. Einungis tíu félagsþjónustur höfðu notast eitthvað af ráði við sáttamiðlun og þá með um það bil 20 mál á ári (Paus, 2009).

Stjórnvöld í Svíþjóð voru þó ekki í vafa um að sáttamiðlun væri komin til að vera og óskuðu eftir að fá að setja á stofn stöðugt sáttamiðlunarkerfi í samvinnu við dómskerfið. Sáttamiðlunarkerfið skyldi vera á landsvísu og létu stjórnvöld samtök, sem börðust gegn afbrotum í Svíþjóð (s. *Det Brottsförebyggande rådet - BRÅ*) innleiða sáttamiðlun og þjálfva einstaklinga sem sáttamiðlara í landinu. Settar voru 18 milljónir sænskra króna aukalega í verkefnið í von um að gera sáttamiðlun að stöðugri aðferð í leiðinni að færri afbrotum (Paus,



2009). Löggjöf um sáttamiðlun (Medlingslagen 2002:445) var samþykkt árið 2002 þar sem athyglinni var beint að yngri afbrotamönnum. Framkvæmd sáttamiðlunar er stjórnað af þessum lögum og kveða þau meðal annars á um að brot verði fyrst að hafa verið kært til lögreglu og afbrotamaðurinn verður að hafa játað brot sitt áður en hægt sé að beina málinu til sáttamiðlunar. Báðir málsaðilarnir verða einnig að vera samþykkir því að fara með málið til sáttamiðlunar, líkt og tíðkast annarstaðar á Norðurlöndunum, þar að auki er hún ekki til þess fallin að refsgeranda heldur að bæta upp skaðann sem hefur átt sér stað. Hins vegar getur saksóknari litið til þess að sáttamiðlun hafi átt sér stað í tengslum við lögsókn á hendur ungum afbrotamönnum (Wahlin, 2006).

Ferli sáttamiðlunar í Svíþjóð er mjög hefðbundið, það er að segja að viðkomandi brotamaður fær tilboð um að taka þátt í ferlinu af hálfu þess lögreglumanns sem rannsakaði mál viðkomandi. Málið er síðan sent áfram til sáttamiðlunar ef viðkomandi hefur áhuga á að taka þátt. Þegar svo langt er komið eru Svíarnir með annað snið en til dæmis Norðmenn í framkvæmd sáttamiðlunar, þetta stafar af því að staðaryfirvöld sveitarfélags viðkomandi málsaðila tekur á móti málinu þar sem sáttamiðlari á þeirra vegum sinnir því. Sáttamiðlarinn sem fær umsjón með málinu hefur næst samband við gerandann vegna ýmissa upplýsinga varðandi málið og það sama er gert við þolandann. Sáttamiðlunin getur því hafist og er framkvæmdin með sambærilegum hætti og greint hefur verið frá í fyrri köflum. Önnur regla, sem Svíar hafa og er frábrugðin öðrum þjóðum, er sú að öll sáttamiðlun er í höndum félagsþjónustunnar og eru félagsráðgjafar að hluta til starfandi sem sáttamiðlarar í starfi sínu, þó hafa verið fengnir til liðsinnis atvinnulausir lögfræðingar sem þá fá borgað fyrir einstaka mál sem þeir eru sáttamiðlarar í (Wahlin, 2006).

### **3.6 Sáttamiðlun í Bandaríkjunum og Kanada**

#### **3.6.1 Bandaríkin og South Saint Paul**

Sáttamiðlun sem aðferð í málum ungra afbrotamanna er einna mest notuð í Bandaríkjunum og hefur útbreiðsla aðferðarinnar aukist gríðarlega á síðustu árum. Eins og áður hefur verið komið inná í tengslum við starfsemi Hringsins í Grafarvogi þá byggir hugmyndafræði þeirra á *Restorative justice circles* sem notast er við í bæjarfélaginu South Saint Paul í Minnesotafylki. Kafli þessi mun taka fyrir uppbyggingu þeirrar starfsemi sem er í South Saint Paul ásamt

almennt um fjöllum um sáttamiðlun í Bandaríkjunum og í Kanada, sem af mörgum hefur verið lýst sem föðurland sáttamiðlunar.

Gríðarleg aukning hefur orðið á áhuga og notkun sáttamiðlunar í Bandaríkjunum á síðastliðnum 30 árum og sést það best á því að öll fylki landsins hafa í dag einhverskonar nálgun af aðferðinni sem hefur hlotið skammstöfunina ADR (*e. Alternative Dispute Resolution*). Hugmyndafræði ADR er sér í lagi sú að miðlun er beitt til að ná sáttum og er hægt að notast við hana í nánast öllum tegundum ágreinings, það er allt frá minniháttar skóla- og fjölskylduágreiningum til stærðarinnar atvinnu- og umhverfiságreininga (Vindeløv, 2004). Upphafið að þessum miklu breytingum í notkun sáttamiðlunar í málum ungra afbrotamanna í Bandaríkjunum má rekja til þeirrar gríðarlega háu afbrotatíðni sem átti sér stað þar í landi í kringum aldamótin. Jákvæða hliðin við þessa háu tíðni var sú að augu bandarískra stjórnámálamanna opnuðust og grípa varð til nýrra ráðstafanna. Samfélagið var í hættu vegna gríðarlegs fjölda afbrota og nú skyldu glæpamenn í Bandaríkjunum gæta sín. Bandarísk stjórnvöld höfðu komið sér upp kerfi sem átti að taka glæpamennina fasta, lögsækja þá og refsa þeim fyrir glæpsamlega háttsemi. Vandamálið, að mati nokkurra fræðimanna, var hins vegar það að þetta kerfi gerði lítið sem ekkert til að styrkja persónulega ábyrgð gerandans í garð þolandans. Þetta ruddi leiðina fyrir aldagamla en jafnframt að mörgu leyti nýja í bandarísku réttarkerfi, sáttamiðlun (Gumz, 2004). Aðrir fræðimenn ganga enn lengra og telja að afbrotakerfi Bandaríkjamanna sem við þekkjum sé löngu úrelt og sáttamiðlun sé fyrirmyndaraðferð á nýju afbrotakerfi (Weitekamp, 1999). Þrátt fyrir að vera sammála þessu telja þó sumir það mjög ólíklegt að kenningar sáttamiðlunar muni nokkurn tímann koma alfarið í stað hinnar hefðbundnu dómstólaleiðar, sér í lagi vegna þeirra grundvallarhefða sem bandarískir dómstólar eru byggðir á (Gumz, 2004).

Sáttamiðlun í Bandaríkjunum er í miklum vexti og hafa öll fylki landsins sett upp þjónustukeðjur (*e. Restorative Services*) með það í huga að veita einstaklingum ráðgjöf eða meðferð þegar þeir hafa komist í kast við lögin. Þjónustan sem fylkið Minnesota í miðvesturhluta Bandaríkjanna býður uppá kallast „Þjónustukeðjubandalagið“ (*e. Restorative Justice Coalition*) en hvert bæjarfélag eða hverfi í fylkinu útfærir síðan sína þjónustu. Minnesota Restorative Justice Coalition byggir hugmyndafræði sína á því að uppbyggilegt réttarkerfi felist í samvinnu gerenda, þolenda, samfélagsins og réttarkerfisins. Bæjarfélagið

Saint Paul í Minnesota er eitt þeirra sem hefur sett upp sína þjónustukeðju en suðurhluti borgarinnar notast við hugmyndafræði í anda fyrrnefndar uppbyggilegrar réttvísi (*e. Restorative Justice*). Í tengslum við starfsemi þessa starfar ákveðin nefnd sem kallast „Restorative Justice Council“. Ennfremur hefur verið notast við aðferð í South Saint Paul sem kallast „Hringurinn“ (*e. Restorative Justice Circles*) sem allar stofnanir hverfisins byggja starfsemi sína á. Stofnanir líkt og lögreglan, barnaverndaryfirvöld, skólar, kirkjan og fleiri vinna allar samkvæmt þessu og er samstarf þeirra mjög mikið (Stinchcomb, o.fl., 2006). Hringurinn í South Saint Paul byggir aðferð sína á því að unnið sé með þolanda afbrots, samfélaginu, gerandanum og fjölskyldu hans með nálgun sem býður uppá margar leiðir úrlausna. Markmiðið er einnig einfalt; unnið skal út frá þörfum barna og unglinga á þann hátt að þau fái tækifæri til þess að velja leiðir sem gera það að verkum að þau bæti fyrir hegðun sína og læri af henni. Við þetta má bæta að tegundir þeirra aðferða sem Hringurinn notast við eru margar; beiðnishringir (*e. application circles*), skilningshringir (*e. circles of understanding*), lækningarhringir (*e. healing circles*), stuðningshringir (*e. support circles*) og samkomulagshringir (*e. agreement circles*). Hringir fyrir ágreiningsákvarðanir eru þar að auki notaðir mikið í barna- og framhaldsskólum hverfisins (Coates o.fl., 2000). Hér að neðan verður litið betur á starfsemi Hringisins í South Saint Paul.

Hefðbundið ferli hringaáferðarinnar hefur verið lýst á þann hátt að hver og einn hringur taki venjulega einn og hálfan til tvo klukkutíma þar sem hefðbundin fjöldi þátttakenda séu 10 eða fleiri persónur. Flest mál sem fara í Hringinn í South Saint Paul þurfa hins vegar á þremur eða fleirum hringum að halda til að ná fram niðurstöðu í málinu. Hver og einn þátttakandi fær því næst tækifæri til að segja sína skoðun en áherslan á venjulegu máli í hringnum hefst að öllu óbreyttu á vonum hvers þátttakanda til viðkomandi máls. Að því loknu er áherslan lögð á það atvik eða ágreining sem hefur átt sér stað og þær tilfinningar sem þátttakendur sitja uppi með eftir það, en að því búnu er farið í hvernig hægt sé að leiðrétta þann skaða sem hefur átt sér stað. Að lokum er horft til framtíðar, þar sem lögð er áhersla á að einstaklingarnir geri sér grein fyrir þeim áskorunum sem þeir standa frammi fyrir eftir hringferlið. Þátttökuathuganir og rannsóknarviðtöl sem gerð hafa verið um starfsemina í South Saint Paul sýna fram á að þeir þátttakendur sem gengið hafa í gegnum hringaáferðina telji mikilvægt hver nálgun sáttamiðlara hringisins (*e. circle keepers*) er á viðfangsefninu, það er því atviki eða þeim ágreiningi sem hefur átt sér stað milli geranda og þolanda. Meðal

mikilvægra eiginleika sem sáttamiðlarinn verður að hafa í fari sínu er að vera einbeittur og skipulagður, ekki vera búinn að mynda sér fyrirframmyndaða skoðun, vera góður hlustandi, samúðar- og virðingarfullur, þolinmóður, ákveðinn varðandi settar reglur og geta sýnt skilning (Coates o.fl., 2000).

Starfsmannahópur þjónustukeðjunnar í South Saint Paul samanstendur af fagfólki sem hefur mikla reynslu af allskyns samfélagsvinnu í borginni en ásamt þeim er einnig að finna fagfólk sem er tiltölulega nýtt í samfélaginu í Saint Paul. Mikill meirihluti þessara aðila eru bundnir starfsemi kirkjunnar í hverfinu og taka á þann hátt með sér stuðning hennar til Hringsins, þá verður að nefna að þjónustukeðjunni er stjórnað af háttsettum starfsmönnum innan skólakerfis borgarinnar sem gerir það að verkum að náíð samstarf er á milli skólanna annars vegar og Hringsins hins vegar. Hringaðferðin tekur sinn tíma og þurfa þátttakendur hans því að skuldbinda sig í langan tíma til að geta tekið þátt í henni, það er að segja að hver og einn þátttakandi verður að fá sinn tíma til að segja sína sögu og þar að leiðandi tekur það bæði tíma og þolinmæði fyrir hina að vera hlustendur. Hlustunin er þó gríðarlega mikilvæg í starfsemi Hringsins því eitt af aðalatriðum aðferðarinnar er sú hugsun að allir þátttakendurnir séu jafngildir og er því gagnkvæm virðing fyrir hinum þátttakendum nauðsynleg. Líkt og fleiri þátttakendur aðferðarinnar hafa orðað það: „það eru engir sérfræðingar hérna, hver og ein persóna innan Hringsins er jafngild“ (Coates o.fl., 2000).

Trúverðugleiki og heiðarleiki standa hringaðferðinni nærri og er því í mörgum tilvikum farið fram á að einstaklingarnir komi saman á ný í Hringinn og staðfesti að ákvæðum þess samnings sem sáttamiðlunin leiddi til hafi verið fullnægt. Ákvæðin sem um er að ræða þurfa þátttakendurnir að vera sammála um og getur það í sumum tilvikum reynst erfitt. Samhljóða álitíð er gefið á þann hátt að hver og einn þátttakandi fær tækifæri til að segja sína skoðun á samningnum, hefur það gerst oftast en einu sinni að erfitt hefur reynst að fá samhljóða álit um ákvæði samningsins og verður því að fara nýjan hring í málinu. Þátttakendur margra mála hafa þó verið sammála um eitt og er það að „samhljóða álit þýðir ekki endilega að ég sé sammála ákvörðunartökunni, en það þýðir að þetta sé ákvörðun sem ég get lifað við“ á meðan aðrir hafa sagt að „stundum verður maður að gefa eitthvað frá sér til að fá samhljóða álit“. Meðlimir þjónustukeðjunnar í South Saint Paul leggja þar að auki mjög mikið upp úr því að starfsmenn þeirra, sér í lagi sáttamiðlararnir, hafi fengið eins góða æfingu og þjálfun og

völ er á til að koma til móts við mikilvægi þeirrar þjónustu sem veitt er í Hringnum. Þjálfunin getur átt sér stað í allt að 18 mánuði þar sem meðal annars upplýsingum er safnað, námskeið eru sótt og skipulagningarþjálfun er á boðstólnum áður en viðkomandi sáttamiðlari fær leyfi til að sinna máli í Hringnum (Coates o.fl., 2000).

Hringaðferðina er hægt að nota við mál af ýmsum toga. Hins vegar telja lögregluþjónustuvöld í Saint Paul aðferðina ekki vera þá réttu þegar kemur að árásum, líkamlegu- og kynferðislegu ofbeldi vegna þeirrar stefnu sem það gæti gefið til kynna, þar af leiðandi hafa mál sem talin eru vera minniháttar verið beint í farveg sáttamiðlunar. Engu að síður hafa starfsmenn svokallaðara betrunarhúsa (*e. house of correction*) talið hringaðferðina vera nýtsamlega fyrir kynferðisglæpamenn sem eru á leiðinni út í samfélagið á nýjan leik. Rannsókn sem gerð var á aðferðinni sýndi fram á að hún geti haft mjög jákvæð áhrif á slíka einstaklinga. Þolendur sem hafa gengið í gegnum ferlið sögðu það jákvætt að geta tekið þátt á þýðingarmikinn hátt í leiðinni að réttlæti, þar að auki voru þolendur sérlega ánægðir með að fá þann stuðning sem þau fengu frá samfélaginu. Gerendurnir voru ekki jafn einróma í skoðunum sínum um aðferðina, þar skiptust þeir milli þess að annars vegar að telja aðferðina vera enn eitt þjarkið til að þrauka líf sitt og hinsvegar voru aðrir sem tóku í jákvæðari strengi en þeir voru ánægðir með að geta gert tilraunir til að lagfæra þann skaða sem þeir höfðu valdið. Mótlæti er eitthvað sem margir gerendur afbrota lenda í þegar mál þeirra fara fyrir dóm, en með hringaðferðinni fá þeir að segja frá sinni hlið á málinu sem gerir það að verkum að þeir mæta oft á tíðum meiri skilningi en þeir hefðu gert innan dómskerfisins. Hringurinn getur því þýtt að jákvæðar breytingar eigi sér stað í lífi ungra afbrotamanna, eða líkt og tveir þeirra orðuðu það: „Þetta hefur breytt lífi okkar“ (Coates o.fl., 2000).

### 3.6.2 Kanada

Kanada hefur af fræðimönnum verið kallað föðurland sáttamiðlunar, meðal þess sem liggur bakvið það viðurnefni er sú staðreynd að í Kanada hefur sáttamiðlun sem úrræði haft hvað mesta þýðingu í málum ungra afbrotamanna í heiminum. Þróunin í landinu hefur þar að auki verið með eindæmum en til að mynda finnast nú 11 tegundir ólíkra sáttamiðlunaraðferða fyrir sakhæfa einstaklinga, að undanskildum fjöldanum öllum af aðferðum tengdum yngri afbrotamönnum á unglingsaldri. Sáttamiðlun er hvergi nærri ný aðferð í sakamálum í Kanada en síðastliðin 30 ár hafa sáttamiðlunarhreyfingar verið að þróast og stækka þar í landi.

Hreyfingarnar telja meðal annars ríkjandi dómskerfi vera ófullnægjandi varðandi tímabilið eftir að dómur hefur verið kveðinn upp og þar af leiðandi er oft illa hugsað um bæði gerendur og fórnarlömb atviksins. Lögfræðingar sem aðhyllast sáttamiðlunaraðferðina í landinu telja að rétta leiðin til að snúa afbrotamönnum frá glæpahneigð sé að styðja þá á þann hátt að þeir læri að hegða sér á samfélagslega viðunandi hátt (The Canadian Resource Centre for Victims of Crime, e.d.).

Sáttamiðlun í Kanada á rætur sínar að rekja til kristinnar trúar líkt og í mörgum öðrum löndum en kristinfræðin mælir fyrir um að fyrirgefning og endurreisn séu grunnatriði í því að takast á við misgjörðir manneskjunnar. Sáttamiðlun, með sínar andlegu rætur og gildi, er því af mörgum talin vera siðferðislega og tilfinningalega réttari leið í málum afbrotamanna heldur en núverandi dómstólaleið sem snýst um að refsa í stað fyrirgefningar. Skoðanir á þessu hafa þó verið mismunandi og telja sumir að varlega skuli fara í það að tengja sáttamiðlun of mikið við kristilega trú. Ríkisstjórnin í Kanada hefur sett talsverðar fjárhæðir í að þróa og halda sáttamiðlun gangandi sem úrræði. Hins vegar eru uppi skiptar um það en fylgismenn úrræðisins í landinu eru á því að meiri peningur ætti að fara í að búa til fleiri sáttamiðlunarverkefni. Ástæðan er sú að með tímanum myndi það breyta dómskerfinu og jafnframt draga úr fjáframlögum ríkisins til fangelsismála (The Canadian Resource Centre for Victims of Crime, e.d.). Samtímis eru áætlanir ríkisstjórnarinnar skýrar en árið 1999 lofaði forsætisráðherra landsins því að ríkisstjórnin myndi halda áfram að þróa sáttamiðlunarúrræðið, sér í lagi vegna þeirrar aðstoðar sem það veitti þolendum afbrota og glæpa. Þolendurnir komist með þessum hætti auðveldar yfir það áfall sem afbrot og glæpir gjarnan valda og þar að auki útvegi úrræðið þeim gerendum, sem ekki eru taldir hættulegir fyrir samfélagið, tækifæri til að bæta upp þann skaða sem þeir hafa valdið samfélaginu og þolandanum sjálfum (Deukmedjian, 2008). Kanadamenn eru einnig komnir mjög langt í að þróa ólíkar tegundir aðferða innan sáttamiðlunar en hér fyrir neðan verður stiklað á stóru um nokkrar þeirra.

Sáttamiðlunaraðferðirnar í Kanada eru 11 talsins og eiga þær flestar eitthvað sameiginlegt. Meirihluti þeirra setja til að mynda sem skilyrði að gerandinn taki þátt í sáttamiðlunarferlinu af fúsum og frjálsum vilja og taki þar að auki ábyrgð fyrir gjörðum sínum, sumar aðferðirnar setja einnig skilyrði um að þolandinn sé til staðar á meðan ferlinu

stendur en það er í samræmi við hefðbundna sáttamiðlun til dæmis á Norðurlöndunum. Gerandi verður einnig í sumum tilvikum að hafa játað sök sína áður en sáttamiðlunarferlið getur hafist. Aðferðirnar í Kanada eru því að nokkru leyti frábrugðnar þeim sem við þekkjum til dæmis í nágrannalöndum okkar og falla því ekki undir það sem hefur verið kallað meginreglur sáttamiðlunar, eins og sést best á því að þolendur þurfa ekki alltaf að taka þátt í ferlinu. „Stuðnings- og ábyrgðarskylduhringir“ (e. *Circles of support and accountability*) er dæmi um aðferð sem beitt er í málum afbrotamanna í Kanada. Þar eru það sjálfboðaliðar, sem oftast eru á vegum trúarsamfélaga, sem hafa að leiðarljósi að hjálpa kynferðisafbrotamönnum út í samfélagið á nýjan leik. Aðferðin hefur verið nokkuð umdeild þar sem um er að ræða kynferðisafbrotamenn sem eru taldir hættulegir fyrir samfélagið en hafa afplánað fangelsisdóm sinn. „Samvinna að réttlæti“ (e. *Collaborative justice*) kallast önnur aðferð sem vinnur með bæði gerendum og þolendum alvarlegra glæpa á borð við vopnuð rán og ölvunarakstur sem hafa kostað mannlíf. „Friðarstillandi hringir“ (e. *Peacemaking circles*) hafa, eins og nafnið gefur til kynna, það markmið að finna leiðir að friði í samfélaginu. Aðferðin á rætur sínar að rekja til nýsjálenskra frumbyggja sem telja ábyrgð og vandamál glæpa liggja í samfélaginu öllu og ekki einungis hjá gerandanum sjálfum. Markmið samræðanna í hringnum er að kafa dýpra en einungis í viðkomandi glæp sem hefur verið framin og á þann hátt finna út hvernig samfélagið hefur stuðlað að hegðun viðkomandi. „Dómshringir“ (e. *Sentencing circles*) eru þeir sem vinna með þolanda, geranda, fjölskyldum þeirra og almennum borgurum á sama tíma. Þessir einstaklingar hitta dómarann, lögfræðingana, lögregluna og aðra til að finna út hverskonar dóm gerandi skuli hljóta. Þolandinn og hinir almennu borgarar hafa einnig möguleika á að láta í ljós skoðun sína á málinu. „Samfélagsumræðufundir“ (e. *Community conferencing*) eru þekktir víða í Nýja Sjálandi og koma upphaflega frá Maori frumbyggjunum. Munurinn á aðferðinni á milli landa er þó nokkur, í Kanada hefur til dæmis þróun aðferðarinnar verið á þann hátt að fjölskyldumeðlimirnir eru ekki þeir einu sem taka þátt. Stuðningsfulltrúar geranda og þolanda mega einnig mæta og taka þátt í ferlinu til stuðnings sínum aðila. Markmið hringsins er að lagfæra þann skaða sem gerandi hefur orsakað í von um að minnka líkurnar á því að hann verði endurtekinn. „Þolanda og geranda sáttamiðlun“ (e. *Victim Offender Mediation*) er líklegast sú aðferð sem við þekkjum best. Sáttamiðlun með þolanda og geranda hefur náð frábærum árangri síðastliðin 25 ár í Kanada en þar hittast þolandi og gerandi ásamt

sáttamiðlara til að finna sáttaleiðir til frambúðar (The Canadian Resource Centre for Victims of Crime, e.d.).

Sáttamiðlun fyrir unga afbrotamenn er langt komin í Kanada en það sést best á löggjöf þar í landi sem kallast „the Youth Criminal Justice Act“ og var sett á laggirnar 1. apríl 2003. Löggjöfin tók við af „the Young Offenders Act“ sem hafði fram að því tekið fyrir mál ungra afbrotamanna. The Youth Criminal Justice Act tekur fyrir unglunga á aldrinum 12 - 18 ára sem eiga yfir höfði sér dóm fyrir afbrot. Löggjöfin hvetur til þess að sáttamiðlun sé beitt í málum unglunga þó ekki sé skipað fyrir um það, sú sáttamiðlunaraðferð sem löggjöfin telur vera ákjósanlegasta í málum unglunga er „samfélagsumræðufundir“ (*e. Community conferencing*) þar sem gerandi, þolandi, fjölskyldumeðlimir og stuðningsfulltrúar koma saman með það að markmiði að lagfæra þann skaða sem hefur átt sér stað ásamt því að minnka líkurnar á því að lögbrot verði framið á nýjan leik (Hillian o.fl., 2004). Markmið laganna eru tvíþætt, annars vegar að hvetja til ákvörðunartöku viðkomandi og hins vegar að fækka fangelsisdómum hjá unglingum. Sáttamiðlunarferlið getur hafist um leið og viðkomandi unglingur hefur sagt sig reiðubúinn til að taka þátt en það getur verið bæði fyrir eða eftir ákæru, aftur á móti verður viðkomandi að fara eftir og fylgja settum reglum sáttamiðlunarferlisins til að málið fari ekki aftur til hefðbundinna dómstóla. Sáttamiðlun getur farið fram á þrenns konar hátt í málum unglunga í Kanada; það er í fyrsta lagi fyrir ákæru, í öðru lagi eftir ákæru og að lokum eftir að dómur hefur verið kveðinn upp. Skipulagið sem notað er fyrir ákæru (*e. Pre-charge programs*) getur verið þegar unglingur hefur verið tekinn fyrir glæp af hálfu lögreglu en ákæra hefur ekki verið gefin út á hendur honum. Viðkomandi getur á þann hátt sloppið við ákæru ef hann segist tilbúinn til að taka þátt í sáttamiðlun. Lögreglan getur einnig ráðlagt foreldrum viðkomandi að taka þátt og með þeim hætti verður ekki gefin út ákæra á hendur unglingnum. Skipulagið sem beitt er eftir ákæru (*e. Post-charge programs*) er þegar mál fer til sáttamiðlunar eftir að unglingur hefur verið ákærður en áður en málið fer fyrir rétt. Síðasta sáttamiðlunarskipulagið sem notast er við í málum unglunga í Kanada er það sem á sér stað eftir að dómur hefur verið kveðinn upp í máli viðkomandi (*e. Post-sentence programs*) og er það þá í höndum dómara málsins að ákveða hvort viðkomandi skuli taka þátt í sáttamiðlun sem hluti af dómnum eður ei (The Canadian Resource Centre for Victims of Crime, e.d.).



Umfang sáttamiðlunar hefur vaxið mikið á síðastliðnum árum í Kanada, líkt og löggjöfin um unga afbrotamenn ber vitni um. Umræðan þar í landi snýr einna helst að því hvort sáttamiðlun skuli taka algerlega yfir hina hefðbundnu dómstólaleið í málum yngri afbrotamanna og eru skoðanirnar skiptar í þeim efnum. Þrátt fyrir marga fylgismenn verður að telja ólíklegt að notast verði eingöngu við sáttamiðlun í málum unglunga yngri en 18 ára, þó úrræðið sé í mjög miklum mæli notað. Refsiákvæðin í Kanada eru að minnsta kosti skýr í þeim efnum, það er að hvatt og ætlast til notkunar sáttamiðlunar í stað refsinga í málum unglunga nema einstaklingurinn sjálfur eða mál hans segi til um annað.

## **4. Starf sáttamiðlarans**

### **4.1 Almennt**

Sáttamiðlarinn gegnir mikilvægu hlutverki innan sáttamiðlunarferlisins. Það er þó ekki hlutverk hans að komast að niðurstöðu í málinu né koma með tillögur til lausna á ágreiningnum. Engu að síður er sáttamiðlarinn í lykilhlutverki þegar kemur að því að koma málsaðilum í skilning um að samkomulag í málinu sé betri leið en áframhaldandi ágreiningur. Sáttamiðlarinn styðst við nokkur þrep í samningaferlinu sem eiga að gefa málsaðilum möguleika á að koma með sín sjónarmið og kröfur ásamt þeim vonbrigðum og særindum sem þeir geta hafa orðið fyrir í kjölfar undangengins atburðar eða ágreinings. Hér að neðan verður fjallað um starf sáttamiðlarans.

### **4.2 Hverjir eru sáttamiðlarar?**

Þónokkur umræða hefur átt sér stað á Norðurlöndunum um hver skuli gegna stöðu sáttamiðlara. Skal það vera í höndum félagsráðgjafa, lögfræðinga, lögreglumanna, sálfræðinga eða skal það tilheyra annarri starfstétt?

Engar reglur eru til um hver skuli sjá um sjálfa sáttamiðlunina, að undanskilinni sáttamiðlun fyrir dómi þar sem kröfurnar eru þær að lögfræðingur eða dómari gegni stöðunni. Innan þeirrar sáttamiðlunar sem að mestu leyti hefur verið fjallað um í þessari ritgerð, sáttamiðlun í sakamálum og á sviði ágreinings (*d. konfliktmæglung*), eru engar reglur né kröfur um starfstétt. Hins vegar er mikilvægt að sáttamiðlarinn hafi ákveðinn bakgrunn

sem gerir hann að sterkum sáttamiðlara. Það er mikill kostur að viðkomandi þekki til ágreiningsvandamála frá fyrri störfum sínum líkt og meðal annars lögræðingar, félagsráðgjafar og sálfræðingar hafa rekist á innan sinna starfstétta (Vindeløv, 2004). Sáttamiðlarinn þarf einnig að búa yfir ákveðinni lífsreynslu, þroska, þekkingu og hæfileikum til að aðstoða aðila sem sækja sáttamiðlun ásamt því að vera kunnugur staðháttum og högum þess fólks þar sem sáttamiðlunin fer fram, það er að sáttamiðlarinn þekki vel til menningar og hegðunar fólks í því samfélagi þar sem sáttamiðlunin fer fram (Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 2004). Til að mynda væri það afar slæm hugmynd að ætla fela japönskum einstaklingi starf sáttamiðlara í máli tveggja útgerðarmanna af Suðurnesjunum, einmitt vegna þess mikla menningarmismunar sem er til staðar í því dæmi. Æskilegt er að sá sem ætlar sér að starfa við sáttamiðlun hafi sótt námskeið um málefnið en nánar verður fjallað um það í næsta kafla.

Hafa ber í huga að sáttamiðlari er ekki með lögverndað starfsheiti og þar af leiðandi er ekki um löggilda starfstétt að ræða, í raun og veru getur því hver sem er kallað sig sáttamiðlara. Eina verndin til að mynda á Norðurlöndunum sem finnst gegn misnotkun á starfsheitinu er sú að búist er við að starfstímabil sáttamiðlarans sé stutt ef viðkomandi stendur ekki undir ákveðnum gæðavæntingum (Vindeløv, 2004). Hafa Norðmenn til að mynda brugðið á það ráð að skipa sáttamiðlara til starfa til einungis fjögurra ára í senn. Þetta er meðal annars gert til að sporna gegn því að sáttamiðlararnir verði ekki nokkurs konar sérfræðingar með tímanum en Norðmenn leggja mikið upp úr persónulegum og óformlegum fundum milli brotamanns og brotþola sem skulu stjórnast af leikmanni en ekki sérfræðingi á þessu sviði. Þetta er að nokkru leyti í samræmi við þau markmið sem sáttamiðlun hefur, það er að málsaðilarnir útkljái eigin deilumál sjálfir (Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 2004).

Annað sem gerir norsku lögin sérstök, fyrir utan það að sáttamiðlararnir séu skipaðir til starfa af sveitarfélögunum til fjögurra ára í senn, er að aldurstakmark sáttamiðlara er einungis 18 ár. Íslensk hæfisskilyrði byggja að mörgu leyti á þeim norsku fyrir utan aldurstakmörkin en á Íslandi hefur verið talið ásættanlegast að sáttamiðlarinn sé að minnsta kosti 21 árs að aldri, sé lögráða og hafi forræði bús síns. Reglurnar hér á landi eru að öðru leyti ekki frábrugðnar þeim norsku. Það er að segja að einstaklingur má ekki hafa hlotið skilorðsbundin dóm, lokið afplánun óskilorðsbundins refsídóms eða verið veitt reynslulausn á

síðastliðnum tíu árum ásamt því að hafa óflekkað mannorð (Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 2004).

### 4.3 Menntun og tilgangur sáttamiðlara

Líkt og áður hefur verið greint frá er talið æskilegt að sá sem ætlar sér að starfa við sáttamiðlun hafi sótt námskeið um úrræðið. Fjöldi námskeiða eru í boði bæði á Íslandi sem og erlendis en hér á landi hefur Sátt staðið fyrir bæði námskeiðum og fundum um sáttamiðlun.

Námskeiðin sem Sátt hefur staðið fyrir hafa notið talsverða vinsælda og hafa meðal annars nokkrir erlendir einstaklingar útskrifast frá þeim ásamt fjölda Íslendinga. Sáttamiðlarnámið er þverfaglegt nám sem gefur tækifæri til að læra bæði kenningarlegan og verklegan þátt sáttamiðlunar. Byggist það á þremur grunnþáttum sem eru í fyrsta lagi niðurstöður rannsókna, í öðru lagi byggir námið á alþjóðlegum aðstæðum og að lokum er tekið tillit til séríslenskra aðstæðna. Námskeiðin, sem standast framtíðarkröfur Evrópusambandsins um gæði náms, hafa verið sótt af einstaklingum með fjölbreyttan bakgrunn en þar má meðal annars nefna félagsráðgjafa, guðfræðinga, lögfræðinga, lögreglumenn og sálfræðinga (Sátt – félag um sáttamiðlun, e.d. c). Erendis má einnig finna fjöldan allan af námskeiðum um sáttamiðlun. Einnig er hægt að finna skólatilboð í formi meistaranáms í sáttamiðlun í Danmörku og í Bandaríkjunum. Þrátt fyrir mörg námskeið innan sáttamiðlunar á Norðurlöndunum þá hafa þau ekki öll hlotið sama gæðastimpil. Advokadsamfundet, sem er samband danskra lögfræðinga, er eitt af þeim samböndum og stofnunum sem standa fyrir námskeiðum sem hafa hlotið góð meðmæli. Danska endurmenntunarstofnunin, DJØF, stendur einnig fyrir námskeiðum og síst en ekki síst er miðstöð sáttamiðlunar í Danmörku (*d. Center for Konfliktløsning*) einnig með námskeið í boði. Þrátt fyrir fjölda námskeiða er talsvert minna um háskólanám í sáttamiðlun en einungis einn háskóli á Norðurlöndunum, Universitetet i København, býður uppá meistaranám í sáttamiðlun og er það einnar sinnar tegundar á Norðurlöndunum (Vindeløv, 2004). Fjöldinn allur af sáttamiðlurum úr allskyns starfsstéttum hefur útskrifast þaðan og myndað samtökin Nordiske Mediatorer. Samtökin voru stofnuð þann 24. september 2004 af einstaklingum sem höfðu útskrifast sem sáttamiðlarar frá háskólanum í Kaupmannahöfn. Það sem gerir þessa gráðu sérstaka er sú staðreynd að hún er einnar sinnar tegundar á Norðurlöndunum og

fjallar þar að auki einungis um sáttamiðlun í ágreiningsmálum (*d. konfliktmægling*). Innan þessara samtaka eru síðan fleiri minni samtök, til að mynda hafa þeir Norðmenn sem útskrifast hafa sem sáttamiðlarar í ágreiningsmálum stofnað norsk undirsamtök sem kallast Norske Konfliktmeglere MMCR. Tilgangurinn með samtökunum er að gæta hagsmuna sáttamiðlunar sem námsgreinar ásamt því að gefa almenningi möguleika á að komast í samband við norska sáttamiðlara sem hafa tekið meistarapróf í greininni (Norske Konfliktmeglere MMCR, 2010 a).

Efasemdirnar um tilgang sáttamiðlunar hafa að mestu leyti horfið meðal fræðimanna og fagfólks á seinni árum en hver sjálfur tilgangur sáttamiðlara í sjálfu ferlinu sé er spurning sem sumir hafa spurt sig og að mörgu leyti er það ekki skýtið. Staðreyndin er nefnilega sú að í ferli sáttamiðlunar eru málsaðilarnir sérfræðingarnir og því varla not fyrir þriðja aðila en það er einmitt kjarni málsins. Málsaðilarnir hafa ekki að ástæðulausu óskað eftir hjálp þriðja aðila við að útkljá málið og því má segja að spurningunni um tilgang sáttamiðlara sé að mörgu leyti svarað. Sáttamiðlarar hafa það starf að hjálpa málsaðilunum að greina hver ágreiningurinn sé, þetta geta þeir gert annað hvort á fundi með málsaðilum í sitt hvoru lagi áður en sjálfur sáttafundurinn hefst eða á sáttafundinum sjálfum og málsaðilarnir fá á þennan hátt skýra mynd af mögulegu málaferli. Sáttamiðlun skal þar að auki ætíð vera á forsendum málsaðilanna og skal sáttamiðlarinn þar af leiðandi ekki vera með fyrirfram ákveðnar skoðanir um hvað ágreiningurinn snýst um né hver útkoma fundanna skal vera, það er í höndum málsaðila að taka þá ákvörðun. Einkenni góðs sáttamiðlara tengist einmitt þessu, það er það hlutleysi sem sáttamiðlarinn skal búa við. Hlutverk hans er því að fá aðilanna til að líta fram á veginn, bjóða uppá trúnað í sambandi við það sem kemur fram á fundunum, vera hreinskilin ásamt því að geta opnað samræður um efni sem geta verið málsaðilunum erfið að tala um (Norske Konfliktmeglere MMCR, 2010 b). Opnar samræður um ágreiningsefni milli aðila eiga það til að verða líflegar og er því gríðarlega mikilvægt og jafnvel nauðsynlegt fyrir sáttamiðlarann að sýna þolinmæði og halda ró sinni, því lykillinn að góðri hlustun og einbeitingu liggur í ró og þolinmæði (Kjos, 2009). Málsaðilarnir eru líkt og greint hefur verið frá sérfræðingarnir um efni ágreiningsins, í langflestum tilfellum eru þeir hins vegar ekki sérfræðingar málaferlisins og því gegnir sáttamiðlarinn mikilvægu hlutverki í að koma aðilunum í skilning um og aðstoða þá við að auka þekkingu sína. Aukin þekking

getur nefnilega að miklu leyti hjálpað til við að taka ákvörðun á grundvelli hæfni (Vindeløv, 2004).

Tilgangurinn með sáttamiðlurum er einnig fólgin í því að láta aðilana fá tækifæri til að horfast í augu við staðreyndir, velta upp spurningum sem þeir hafa mögulega ekki hugsað út í áður og ekki síst veit þeim upplýsingar sem þeir bjuggu ekki áður yfir. Sáttamiðlarinn má þó ekki gleyma því að hafa líðan og þarfir málsaðila að leiðarljósi og má ekki einungis vera upptekin af stöðu mála, á þann hátt getur sáttamiðlarinn aðstoðað aðilana við að varpa ljósi á áðurnefndar staðreyndir og öll þýðingarmikil sjónarmið ágreiningsins. Þetta gerir það að verkum að auðveldara verður að fá aðilana til að skilja þarfir hins aðilans og sjá jákvæðu möguleikana í því að nálgast lausn í málinu. Þetta getur þó oft á tíðum reynst þrautin þyngri og vill það gerast að aðilarnir leggi frá sér ábyrgðina í von um að sáttamiðlarinn komi með tillögur að lausnum. Sáttamiðlarinn verður að vera á varðbergi og ekki láta draga sig í slíkt ferli, því eins og áður hefur verið komið inná þá er það í höndum málsaðilanna að ná sáttum (Vindeløv, 2004; Norske Konfliktmejlere MMCR, 2010 a). Atriði sem getur komið í veg fyrir að slíkt gerist er vel uppbyggður fundur af hálfu sáttamiðlara, það er að raminn og reglurnar í kringum hvað skuli og ekki skuli fara fram á fundinum séu skýrar. Ásamt þessu er nauðsynlegt að öll samskipti sáttamiðlara við aðilanna séu það skýr að málsaðilarnir geti staðfest þá ábyrgð sem þeir bera í öllu ferlinu. Slíkt veitir öryggi meðal þátttakenda fundarins og þegar öryggi ríkir í fundarsalnum er jafnvel enn meiri þörf á skýrum reglum (Kjos, 2009).

#### **4.4 Félagsráðgjafinn sem sáttamiðlari**

Félagsráðgjafar hafa um langt skeið verið virkir innan sáttamiðlunarferlisins, enn lengur hefur starfstéttin verið virk í málum brotamanna og fanga. Félagsráðgjafar eru ásamt því án efa sú starfstétt sem hvað mest býður uppá mesta aðstoð til einstaklinga og hópa í vandræðum sem samfélagið í heild sinni fær að njóta. Félagsráðgjöf hefur með árunum fært anga sína út fyrir það sem áður fyrr voru hefðbundin hlutverk félagsráðgjafans. Kraftar félagsráðgjafans eru nú nýttir innan ólíkra stofnana og umhverfa en sem dæmi má nefna geðdeildir, fangelsi, félagsþjónustur, stofnanir sem sinna áfengis- og fíkniefnaforvörnum og innan barnaverndastofnana. Starfstétt félagsráðgjafa gegnir sífellt mikilvægara samfélagslegu hlutverki, einfaldlega vegna þess að sú hjálp og þjónusta sem félagsráðgjafar veita almenningi gagnast þeim á jákvæðan hátt. Starfstéttin beinir sjónum sínum fyrst og fremst á

að hjálpa fólki við að leysa persónuleg, fjölskyldubundin eða samfélagsleg vandamál með því að leggja áherslu á gildi einstaklingsins sem manneskju (Farley o.fl., 2006).

Aðstoð til fanga og aðstandenda þeirra hefur færst mjög í aukana síðastliðin áratug og standa félagsráðgjafar þar einna fremst í flokki sem ráðgjafar og stuðningsfulltrúar þeirra. Félagráðgjafa má nú finna á lögreglustöðum, unglingadómstólum, fangelsum og í samfélagsþjónustuverkefnum víða í heiminum í dag með það að markmiði að draga úr glæpa- og afbrotahneigð. Aðstoðin sem félagsráðgjafar veita brotamönnum byggist að miklu leyti á því að byggja þá upp sem einstaklinga í stað þess að refsa þeim. Markmiðið er þar að leiðandi að hjálpa þeim að skilja sjálfa sig, samband þeirra við aðra og við hverju sé búist af þeim í samfélaginu sem þeir búa í (Farley o.fl., 2006). Sáttamiðlun sem úrræði, sérstaklega í málum ungra afbrotamanna, byggist á svipuðum grunni. Brotamenn á unglingsaldri sem fá möguleika til að taka þátt í sáttamiðlunarferlinu eiga að læra af eigin mistökum með þátttöku sinni í ferlinu en aðferðin er líkleg til að hafa sérstök varnaráhrif á gerandann ásamt því að samfélagið í heild sinni græðir á því með öruggara samfélagi (Lögregluvefurinn, e.d.).

Félagráðgjafar starfa samkvæmt hugtakinu „hjálp til sjálfshjálpar“ sem gerir það að verkum að einstaklingar koma sterkari út úr þeirri aðstoð sem félagsráðgjafar veita þeim. Sáttamiðlun fjallar að mörgu leyti um hjálpar til sjálfshjálpar en hugmyndafræði uppbyggilegrar réttvísu gengur meðal annars út á það að byggja einstaklinginn upp á nýjan leik á þann hátt að viðkomandi taki ábyrgð á gjörðum sínum. Samfélagið nýtur góðs af því á þann hátt að líkurnar á að brotið verði endurtekið eru mun minni en ella. Brotamenn geta þar að auki hafa lent í því missa öll tengsl við fjölskyldu og vini með gjörðum sínum en margar rannsóknir (Þórólfur Þórlindsson og Jón Gunnar Bernburg, 1996) benda á það að sterkt tengslanet við fjölskyldur og aðrar stofnanir samfélagsins dragi úr afbrotaferli einstaklinga. Félagráðgjafar koma þar sterkir inn með heildarsýn sinni og því þverfaglega samstarfi sem þeir vinna, því þær stofnanir sem félagsráðgjafar starfa hjá eru oft á tíðum í mikilli samvinnu. Félagráðgjafar búa þar að auki yfir mikilli reynslu innan allrar samskiptavinnu en bæði viðtalstækni, hlustun og lausn á ágreiningi milli einstaklinga hefur til fjölda ára verið eitt af mikilvægum starfshlutverkum félagsráðgjafa en bæði hlustun og viðtalstækni eru mikilvægir hlutir í fari góðs sáttamiðlara. Menntun og starf félagsráðgjafa kennir þeim einnig að búa við hlutleysi en það er enn einn þátturinn sem sáttamiðlarinn verður að varast, að ekki taka

afstöðu til annars aðilans, er þáttur sem félagsráðgjafar þurfa að beita á hverjum degi (Farley o.fl., 2006). Þolinmæði er annar kostur góðs sáttamiðlara sem félagsráðgjafar þekkja úr sínu daglega starfi og síðast en ekki síst búa félagsráðgjafar yfir mikilli reynslu af einstaklingum með hegðunarraskanir. Skilningurinn sem félagsráðgjafinn hefur á aðstæðum slíkra einstaklinga er gulls ígildi, það er að segja að auðveldara er að koma til dæmis brotápolanum í skilning um stöðu viðkomandi geranda og það að leiðandi er léttara að ná sáttum. Félagsráðgjafar sem starfa eða hafa starfað við sáttamiðlun í störfum sínum hér á landi segja þessa hluti vera styrkleika sem nýtist gríðarlega vel í sáttamiðlunarferlinu, þar að auki er það starf félagsráðgjafa á hverjum degi að taka á móti erfiðum einstaklingum og reyna að fá þessa til að skilja samfélagið í kringum sig en það er einmitt eitt af aðalmarkmiðum sáttamiðlunar (Vindeløv, 2004).

Háskólar á Norðurlöndunum hafa hingað til ekki boðið upp á sáttamiðlun sem háskólanám, ef Universitetet i København er undanskilinn en þangað hefur fjöldi félagsráðgjafa og aðrar starfstéttir sótt meistarapróf í sáttamiðlun. Bandarískir háskólar hafa aftur á móti boðið meira upp á nám innan sáttamiðlunar. Norðmenn er ein þeirra þjóða sem telja að sáttamiðlarinn skuli vera einstaklingur sem ekki er tengdur sérstakri fagstétt og fá sáttamiðlarar þar í landi ráðningasamning upp á fjögur ár í senn, á þann hátt verða þeir ekki sérfræðingar innan sáttamiðlunar (Vindeløv, 2004). Bandaríkjamenn eru andstæða Norðmanna í þessum efnum en þar í landi er talið að þjálfun sáttamiðlara sé eitt af mikilvægastu atriðum úrræðisins, ef það á að virka. „National Restorative Justice Training Institute“, sem er ein vísindastofnana „School of Social Work“, í háskólanum í Minnesota býður upp á slíkt nám með það að markmiði að gera félagsráðgjafa að betri sáttamiðlurum. Félagsráðgjafar í Bretlandi fá einnig sáttamiðlaraþjálfun og eru þar að auki duglegir við að sækja sér hugmyndir og aðferðir um sáttamiðlun til að koma til móts við gerendur og þolendur í samfélaginu. Fræðimenn hafa meðal annars bent á að þetta sé ein af ástæðum þess að velferðarríki Breta sé jafn sterkt og raun ber vitni (Gumz, 2004).

Sáttamiðlunarferlið byggist að mjög miklu leyti á sáttamiðlara sem er starfi sínu vaxinn með reynslu, þolinmæði og skilningi á aðstæðum einstaklinganna. Sú staðreynd að félagsráðgjafar starfa við aðstæður sem krefjast skilnings og þolinmæði dags daglega gerir það að verkum félagsráðgjafar ættu að vera vel til þess fallnir að sjá um hlutverk

sáttamiðlara og jafnvel vera sjálfgefnir í slíkt starf, án þess þó að lítið sé gert úr mikilvægi annarra starfstétta.

## 5. Umræða og lokaorð

Hugmyndir mínar um sáttamiðlun, þegar efni þessarar ritgerðar var valið, voru talsvert litaðar af framkvæmdum Norðurlandanna, sér í lagi því ferli sem stuðst er við í Noregi. Annað kom á daginn þegar upplýsingasöfnun hófst og ég byrjaði að kynna mér betur allar þær aðferðir sem notast er við innan sáttamiðlunar í heiminum. Framkvæmd sáttamiðlunar er nefnilega ólík og misjöfn eftir því hvaða lönd, jafnvel bæjarfélag, eru borin saman og ekki minnst á milli ólíkra málaflokka. Sáttamiðlun í málum sakhæfra unglunga er til að mynda ekki framkvæmd eins í einu bæjarfélagi Bandaríkjanna og hún er framkvæmd í Svíþjóð. Þetta er eitt af því sem gerir sáttamiðlun að því sem hún er, fjölbreytta og árangursríka. Hægt er að framkvæma sáttamiðlunina á þann hátt sem hentar samfélaginu best hverju sinni og oftast með sama árangri; öruggara og betra þjóðfélag.

Þróun sáttamiðlunar á síðustu árum hefur verið, eins og gert hefur verið grein fyrir í ritgerð þessari, nokkuð mikil. Breytingar á hugsunarhætti almennings og stjórnvalda hefur gert það að verkum að reynt er að leita að lausnum á sem skynsamlegastan hátt hverju sinni. Tilviljanir hafa ekki gert það að verkum að margir rannsakendur og stjórnámálmenn töldu á sínum tíma sáttamiðlun vera einn af álitlegustu kostum réttarkerfisins (Zehr, 1990). Þróun samfélagsins gerir það einnig að verkum að ungir afbrotamenn, sem mögulega hafa framið sinn fyrsta glæp, fá tækifæri til iðrast gjörða sinna með því að láta gott af sér leiða í samfélaginu. Brotapolinn og samfélagið í heild sinni njóta góðs af slíku að mínu mati, í stað þess að senda viðkomandi til refsivistar fær samfélagið einstakling sem hefur lært af mistökum sínum og vill bæta fyrir þau og axla ábyrgð á hegðun sinni.

Úrræðið hefur hins vegar ekki fengið þá umfjöllum sem það á skilið eftir að tilraunaverkefni dómsmálaráðuneytisins lauk, hver ástæða þess er verða stjórnvöld landsins að svara fyrir. Hringurinn og tilraunaverkefni dómsmálaráðuneytisins sýna bæði fram á að úrræðið virkar mjög vel, sérstaklega í málum yngri brotamanna. Ekki þarf að líta lengra en til nágrannapjóða okkar eða til Bandaríkjanna og Kanada til að sjá að úrræðið hefur gefið góða



raun og reynst árangursríkt. Nýju barnaverndarlögin, sem von bráðar öðlast gildi, eru því stórt skref í rétta átt en í þeim er tekið fram að sáttamiðlun verði beitt í málum ósakhæfra barna.

Líkt og hefur verið rætt um í ritgerð þessari er deilt um hver skuli sinna starfi sáttamiðlara innan saka- og ágreiningsmála í mörgum löndum. Í inngangi þessarar ritgerðar var varpað fram þeirri spurningu hvort félagsráðgjafar væru vel til þess fallnir. Svar mitt við spurningu þeirri er mjög skýrt og get ég meðal annars bent á tilraunaverkefnið Hringinn sem sönnun þess að félagsráðgjafar sem sáttamiðlarar hafa gefið góða raun. Þá má jafnframt benda á ákvæði sænskra laga sem kveða með skýrum hætti á um að sáttamiðlun skuli vera framkvæmd af hálfu félagsráðgjafa innan félagsþjónustunnar. Niðurstöður rannsókna sem gerðar hafa verið, til að mynda um hringsaðferðina í South Saint Paul, gefa til kynna mikilvægi nálgunar sáttamiðlarans á viðfangsefninu ásamt ágreiningi geranda og þolanda. Þetta er í samræmi við hæfni og menntun sem félagsráðgjafar búa yfir en samkvæmt rannsóknum þarf sáttamiðlari að vera góður hlustandi, samúðar- og virðingarfullur, þolinmóður og skilningsríkur. Alla þessa mikilvægu eiginleika má finna í félagsráðgjafa. Ætlun mín er þó ekki að gera lítið úr öðrum starfstéttum, því líkt og fram hefur komið í þessari ritgerð geta sáttamiðlarar komið úr öðrum áttum einnig. Hins vegar tel ég mikilvægt að benda á augljósa kosti félagsráðgjafa sem sáttamiðlara.

Önnur spurning sem hefur verið á lofti er hvort sáttamiðlun sé rétta leiðin að fara í kjölfar afbrota og glæpa. Líkt og bent hefur verið á ritgerðinni hafa þau verkefni sem hafa verið í gangi hér á landi sýnt fram á mjög góðan árangur. Þetta er í samræmi við allar þær skýrslur sem farið hefur verið í gegnum í ritgerð þessari, bæði innlendar og erlendar, rannsóknir sýna fram á að ferli sáttamiðlunar og niðurstöður þess hefur fallið í góðan jarðveg meðal þátttakenda. Sérstaklega tel ég sáttamiðlun vera rétta leið í málum ungra afbrotamanna. Afstaða mín til þess er einföld, innan hefðbundinnar dómsmeðferðar er undantekningalaust lítið til þess sem gerðist og hvernig það gerðist og dæmt út frá því. Sáttamiðlun lítur hins vegar til framtíðar og leggur áherslu á að bæta úr þeim skaða sem gerður hefur verið. Hugarfarsbreyting á sér stað hjá hinum brotlega með þessum hætti, því á þennan hátt sér hann þann skaða sem þolandinn þarf að takast á við en við það myndast ábyrgð og virðing sem gerir það að verkum að gjörningurinn verður ekki endurtekinn.

Spennandi verður að fylgjast með þróun þessa úrræðis í framtíðinni og tel ég, þegar öllu er á botninn hvolft, að rétt framkvæmd sáttamiðlun sé mjög vel til þess fallin að gera samfélag okkar bæði betra og öruggara.

## Heimildaskrá

*Almennu hegningarlögin nr. 19/1940.*

Coates, R., Umbreit, M. S. og Vos, B. (2000). *Restorative Justice Circles in South Saint Paul, Minnesota*. Minnesota: Center for Restorative Justice & Peacemaking.

Deukmedjian, J.E. (2008). The Rise and Fall of RCMP Community Justice Forums: Restorative Justice and Public Safety Interoperability in Canada [Rafræn útgáfa]. *Canadian Journal of Criminology & Criminal Justice*, 50, 117 – 151.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið. (2004). *Skýrsla nefndar um tilraunaverkefnið Hringinn og ný úrræði vegna afbrota ungmenna*. Sótt 20. janúar 2010 af [http://www.domsmalaraduneyti.is/media/Skyrslur/Nyjar\\_leidir\\_vegna\\_afbrota\\_ungmenna.pdf](http://www.domsmalaraduneyti.is/media/Skyrslur/Nyjar_leidir_vegna_afbrota_ungmenna.pdf).

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið. (2007). *Tilraunaverkefni um sáttamiðlun í sakamálum – Stöðuskýrsla til dómsmálaráðherra*. Sótt 5. febrúar 2010 af [http://www.domsmalaraduneyti.is/media/Skyrslur/Nyjar\\_leidir\\_vegna\\_afbrota\\_ungmenna.pdf](http://www.domsmalaraduneyti.is/media/Skyrslur/Nyjar_leidir_vegna_afbrota_ungmenna.pdf).

Farley, O.W., Smith, L.L. og Boyle, S.W. (2006). *Introduction to Social Work* (10. útgáfa). Boston, MA: Pearson/Allyn and Bacon.

Guðfinna Jóhanna Guðmundsdóttir. (2005). Sáttaumleitun á sviði refsiréttar [Rafræn útgáfa]. *Lögmannaþingið*, 11, 37.

Gumz, E.J. (2004). American Social Work, Corrections and Restorative Justice: An appraisal [Rafræn útgáfa]. *International Journal of Offender Therapy and Comparative Criminology*, 48, 449 – 460.

Helgi I. Jónsson. (2009). Reynslan af sáttamiðlun í einkamálum [Rafræn útgáfa]. *Lögmannaþingið*, 15, 26.

Hillian, D., Reitsma-Street, M. og Hackler, J. (2004). Conferencing in the Youth Criminal Justice Act of Canada: Policy Developments in British Columbia [Rafræn útgáfa]. *Canadian Journal of Criminology and Criminal Justice*, 46, 343 – 366.

Jónatan Þórmundsson. (1992). *Viðurlög við afbrotum*. Reykjavík: Orator.

- Kemény, S. (2005). Victim – Offender Mediation with Juvenile Offenders in Norway. Í A. Mestitz og S. Ghetti (Ritstj.), *Victim – Offender Mediation with Juvenile Offenders in Europe* (bls. 101 – 114). New York: Springer.
- Kjos, I. (2009). *Fornuft og følelser i megling*. Restorative Justice in the Nordic Countries. Oslo: Nordisk Samarbeidsråd for Kriminologi.
- Konfliktrådet. (2009). *Konfliktrådets historie*. Sótt 25. janúar 2010 af <http://www.konfliktraadet.no/no/info/Felles/om/Konfliktradets-historie/>.
- Konfliktrådet. (2008). *Statistikk*. Sótt 25. janúar 2010 af <http://www.konfliktraadet.no/Documents/Sekretariatet/statistikk%202008.pdf>.
- Lag 2002:445 om medling med anledning av brott (Svíþjóð).
- Lög um meðferð einkamála nr. 91/1991*.
- Lögregluvefurinn. (e.d.). *Upplýsingabæklingur*. Sótt 31. mars 2010 af [www.logreglan.is/file.asp?id=8144](http://www.logreglan.is/file.asp?id=8144).
- Mika, H. og Zehr, H. (2003). Fundamental Concepts of Restorative Justice. Í E. McLaughlin, R. Ferguson, G. Hughes og L. Westmarland (Ritstj.), *Restorative Justice* (bls. 40 – 44). UK: Sage.
- Norske Konfliktmeglere MMCR. (2010 a). *Norske Konfliktmeglere MMCR*. Sótt 20. febrúar 2010 af <http://www.konfliktmeglere.no/mmcr/megling/mmcr-mediator/>.
- Norske Konfliktmeglere MMCR. (2010 b). *Hva kjennetegner en MMCR-megler?* Sótt 20. febrúar 2010 af <http://www.konfliktmeglere.no/mmcr/megling/mmcr-kjennetegn/>.
- Paus, K.K. (2009). *Restorative Justice i Norden, regelverk og iverksetting*. Restorative Justice in the Nordic Countries. Oslo: Nordisk Samarbeidsråd for Kriminologi.
- Ragnheiður Elfa Arnardóttir. (2002). *Hringurinn uppgjörsskýrsla*. Óútgefið handrit.
- Robinson, G. (2008). Restorative Justice. Í G. McIvor og P. Raynor (Ritstj.), *Developments in Social Work with Offenders* (bls. 241 – 256). London og Philadelphia: Jessica Kingsley Publishers.
- Rodriguez, N. (2007). Restorative Justice at Work: Examining the Impact of Restorative Justice Resolutions on Juvenile Recidivism [Rafræn útgáfa]. *Crime & Delinquency*, 53, 355 – 364.
- Sátt – félag um sáttamiðlun. (2006). *Saga*. Sótt 1. mars 2010 af <http://satt.is/?b=s>.
- Sátt – félag um sáttamiðlun. (e.d. a). *Forsíða*. Sótt 1. mars 2010 af <http://satt.is/?b=f>.

- Sátt – félag um sáttamiðlun. (e.d. b). *Lög Sáttar*. Sótt 1. mars 2010 af <http://satt.is/?b=l>.
- Sátt – félag um sáttamiðlun. (e.d. c). *Námskeið og fundir um Sáttamiðlun sem Sátt hefur skipulagt*. Sótt 1. mars 2010 af [http://satt.is/?b=namsk\\_skalholti](http://satt.is/?b=namsk_skalholti).
- Siegel, L.J. (2008). *Criminology* (10. útgáfa). Belmont, CA : Thomson/Wadsworth.
- The Canadian Resource Centre for Victims of Crime. (e.d.). *Restorative Justice in Canada*. Sótt 31. mars 2010 af <http://www.crcvc.ca/docs/restjust.pdf>.
- Vindeløv, V. (2004). *Konfliktmægling*. København: Jurist- og Økonomforbundets Forlag.
- Stinchcomb, J., Bazemore, G. og Riestenberg, N. (2006). Beyond Zero Tolerance – Restoring Justice in Secondary Schools [Rafræn útgáfa]. *Youth Violence and Juvenile Justice*, 4, 135 – 140.
- Wahlin, L. (2006). Victim – Offender Mediation with Juvenile Offenders in Norway. Í A. Mestitz og S. Ghetti (Ritstj.), *Victim – Offender Mediation with Juvenile Offenders in Europe* (bls. 77 – 100).
- Weitekamp, E. (1999). The Paradigm of restorative justice: Potentials, possibilities, and pitfalls. Í J. v. Dijk, R. v. Kaam og J. Wemmers (Ritstj.). *Caring for victims* (bls. 115 – 126). Monsey, NY: Criminal Justice Press.
- Zehr, H. (1990). *Changing lenses: A new focus for crime and justice*. Scottsdale, PA: Herald Press.
- Þórólfur Þórlindsson og Jón Gunnar Bernburg. (1996). *Ofbeldi meðal íslenskra unglinga*. Reykjavík: Rannsóknarstofnun uppeldis- og menntamála.

